

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 8. nóvember 2006 – 43. tölublað – 2. árgangur

Vefang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

Samruni Kauphallarinnar og OMX
Styrkir íslensk
fyrirtæki



Skapandi atvinnuvegir
Fjórða stoð
hagkerfisins

8



10-11

Samtök fjármálafyrirtækja
Kynna íslenskt
fjármálalíf
erlendis



18



Baugur tekur við HoF

Baugur tekur í dag við lyklu-
num að bresku verslanakeðjunni
House of Fraser og lýkur þá yfir-
tökuferli sem hófst í júní þegar
óformlegt tilboð var lagt fram í
keðjuna.

Mikilvægum áfanga var náð
í byrjun október á leið Highland
Acquisitions-hópsins til yfir-
töku á House of Fraser. Þá lagði
stór hluti eigenda HoF blessun
sína yfir tillögu stjórnar um að
samþykkja yfirtökutilboð frá
Highland. Að Highland standa
meðal annars Baugur og FL
Group og hljóðaði tilboð hópsins
upp á 148 pens á hlut.

Með yfirtökunni er Baugur
orðinn leiðandi á verslunargötum
Bretlands. Meðal eigna Baugs eru
Mosaic Fashions sem meðal annars
reka Oasis, Coast, Whistles og
Karen Millen, leikfangaverslunin
Hamleys, Iceland-verslanakeðj-
urnar og Whittard of Chelsea.

House of Fraser verður
afskráð úr Kauphöllinni í London
í kjölfar yfirtökunnar. - hhs

Ný samtök stofnuð í gær

Formenn Samtaka banka og
verðbréfafyrirtækja, Sambands
íslenskra tryggingafélaga og
Sambands íslenskra sparisjóða
skrifuðu í gær undir samning um
nýtt skipulag Samtaka fjármála-
fyrirtækja sem taka til starfa 1.
janúar næstkomandi.

Samtökin verða málsvari fjár-
málafyrirtækja í hagsmunamál-
um, stuðla að samkeppnishæf-
um starfsskilyrðum íslenskra
fjármálafyrirtækja, taka þátt í
erlendu hagsmunasamstarfi og
auka skilning á mikilvægi fjár-
málafyrirtækja fyrir íslenskan
efnahag jafnt hér á landi sem
erlendis. sjá blaðsíðu 18 / - jab

FRÉTTIR VIKUNNAR

Horfur batna | Horfur á fast-
eignamarkaði hafa að mörgu leyti
batnað frá því í júlí, segir grein-
ingardeild Kaupþings. Þá var
velta á fasteignamarkaði á hraðri
niðurleið en virðist nú vera að
taka við sér.

Byrjar vel | Afkoma Exista var
nokkuð fyrir ofan spár Glitnis
og Landsbankans fyrir þriðja árs-
fjórðung en félagið skilaði þá 27,6
milljarða hagnaði. Hagnaður fyr-
irtækisins fyrir árið í heild nemur
24,3 milljörðum.

Kaupir PTI | Eimskip hefur gengið
frá kaupum á bandaríska flutnings-
miðlunarfyrtækini Pacific
Tramper Services, Inc. Ársvelta
félagsins er sem nemur um 340 til
408 milljónir íslenskra króna.

Renna saman | Dagur Group
og Árdegi hafa sameinast undir
merkjum síðarnefnda félagsins.
Heildarvelta verslunarfyrtækisins,
er sem rekur fimmtán verslanir,
er áætluð fimm milljarðar króna
á þessu ári.



Aðhalds þörf | Seðlabanki Íslands
tilkynnti að stýrivextir yrðu
óbreyttir um sinn í 14 prósent-
um. Aukavaxtaákvörðunardagur
var ákveðinn hinn 21. desember
og mun þróunin fram að því ráða
framhaldinu.

Bæta við | Verðmæti hlutabréfa
FL Group í Glitni eru metin á 97
milljarða króna eftir að FL jók
hlut sinn í bankanum í vikunni.
Nemur eignarhluturinn nú um 29
prósentum en var um tíu prósent
í ársbyrjun.

Besti fjórðungurinn | Tap Símans
á árinu nemur þremur milljörðum
króna vegna gengisáhrifa á fyrri
hluta ársins. Þriðji ársfjórðungurinn
er 250 prósentum betri en
í fyrra og nam hagnaðurinn 3.264
milljónum króna.

Invent Farma kaupir meirihluta í Lyfjaveri

Flytja á út tækni Lyfjavers í vélskömmun lyfja, auk þess að efla starfsemi hér heima. Invent hefur ekki verið með starfsemi hér.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Samið hefur verið um kaup lyfjaframleiðslufyrirtækisins Invent Farma á 75 prósent hlutafé í lyfsölufyrirtækini Lyfjaveri í Reykjavík. Kaupverðið fæst ekki gefið upp, en Lyfjaver, sem meðal annars sérhæfir sig í tölvustýrðri lyfjaskömmun, hefur verið í örum vexti síðustu ár og veltir um milljarði króna á þessu ári samkvæmt áætlunum.

Fyrirum aðaleigendur Lyfjavers halda eftir fjórðungi og starfa áfram hjá fyrirtækinu. Aðalsteinn Steinþórsson, stjórnarformaður Lyfjavers, segir að gengið verði frá endanlegum kaupsamningi að lokinni áreiðanleikakönnun í byrjun desember. Hann segir skýra stefnu fyrirtækisins að styrkja og efla starfsemi hér heima um leið og stefnt sé á útrás til annarra landa. Þar vísar hann sérstaklega til svokallaðrar tölvustýrðrar vélskömmunar lyfja en fyrirtækið hefur verið í fararbroddi á því sviði. Lyfjaver sérhæfir sig einnig í heimsendingu lyfja og rekur apótek við Suðurlandsbraut í Reykjavík sem ítrekað hefur verið með lægsta verð í könnunum. Að auki sinnir Lyfjaver heildsölu á lyfjum. „Áherslan verður áfram á lágt verð, góða þjónustu og á heimsendingarþjónustu,“ segir hann. Helstu ástæðu þess að fenginn var nýr hluthafi inn í fyrirtækið segir Aðalsteinn vera að með því fái það bolmagn til útrásar sem eigendahópurinn hafi haft áhuga á. „Vélskömmunarþjónusta er óvitað orðin algeng þótt hún sé orðin nokkuð þekkt í Svíþjóð og hafi náð fótfestu í Danmörku og nokkrum

fleiri löndum,“ segir hann og bætir við að fyrst í stað sé helst horft til þess að selja þjónustuna heilbrigðis-
stofnunum, öldrunar- og hjúkrunarheimilum.

Invent Farma er lyfjafyrirtæki hóps íslenskra fjárfesta og varð til við kaup á tveimur spænskum lyfjafyrirtækjum snemma á síðasta ári. Fyrirtækið hefur ekki verið með starfsemi hér á landi, en hefur fengið vilyrði fyrir plássi á lóð Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýri fyrir hús undir lyfjaþróun.

Stjórnarformaður Invent Farma er Friðrik Steinn Kristjánsson en hann er þekktur úr lyfjageira hér, stofnaði meðal annars Omega Farma sem nú er hluti af Actavis. Friðrik Steinn segist sjá tækifæri í að efla lyfjaskömmun Lyfjavers hér heima auk þess að flytja þekkinguna út og í því nýttist sambönd Invent bæði á Spáni og víðar í Evrópu. „Fyrstu skrefin í stofnun lyfjaskömmunarfyrtækis hér á Spáni hafa raunar þegar verið tekin,“ upplýsir hann, en kveður einnig horft til þess að efla apótek Lyfjavers og auka framboð þess með því að taka inn framleiðslu Invent Farma. „Við teljum okkur geta aukið verðmæti Lyfjavers með tengingu við starfsemi okkar á Spáni.“

Friðrik Steinn segir að hugmyndin um aðkomu Invent Farma að Lyfjaveri hafi orðið til þegar fregnir hafi borist af því að Samkeppniseftirlitið hefði stöðvað samruna fyrirtækisins við DAC, systurfélag Lyfja og heilsu í sumar. „Við fórum að skoða þennan möguleika í haust og leist vel á starfsemi. Fyrirtækið er mjög vel rekið og með gott starfsfólk. Þetta er góð eining sem hægt er að byggja á.“

Baugur íhugar að kæra Extrablaðið

Baugur Group íhugar að lög-
sækja Extrablaðið í Danmörku
fyrir skrif um fyrirtækið. „Hvað
dönsku blaðamönnunum gengur
til með skrifum sínum er okkur
ekki ljóst. Hins vegar er ljóst að
við munum verja okkur með laga-
legum ráðum,“ segir í bréfi Jóns
Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra
félagsins.

Jón Ásgeir mótmælir harðlega
skrifum Extrablaðsins um Baug
og segir þau full af villum. Hann
áréttar að engin tengsl séu eða hafi
nokkurn tíma verið á milli Baugs
og Rússans Mikhail Fridman,
að Baugur Group sé ekki eigandi

á Sterling og að félagið hafi
engin áform uppi um að stækka í
Rússlandi. Hann viðurkennir þó
að forstjóri Mosaic Fashion hafi í
fyrirasumar sagt í breska blaðinu
Times, að áhugi væri fyrir því að
fara inn á Rússlandsmarkað, en
fyrirtækið á 1.750 verslanir í yfir
fimmtán löndum, þar á meðal fjór-
ar í Rússlandi.

Þá áréttað Jón Ásgeir að
Baugur Group sé ekki háð fjár-
magni frá Kaupþingi banka.
„Þvert á móti vinnur fyrirtækið
með fjölda annarra banka víðs
vegar um heiminn.“ Þá segir hann
Deutsche Bank aldrei hafa lánað

Gaumi peninga eða stjórnað hluta-
bréfum félagsins.

Jón Ásgeir segir að félagið hafi
alltaf unnið samkvæmt lögum
þeirra landa sem það starfar í.
„Blaðamenn danska blaðsins segja
hvergi svör að finna varðandi
málefni Íslendinga erlendis, eng-
inn vilji tjá sig um málin. Baugur
Group hefur hins vegar ítrekað
reynt að fá birtar athugasemdir
frá fyrirtækinu í Extrablaðinu
varðandi það sem snýr að Baugi
en þær athugasemdir hafa þó af
einhverjum ástæðum ekki ratað
inn á síður blaðsins,“ segir hann
jafnframt. - óká

120
ISSN 0959-2706

Örugg ávöxtun
í þeirri mynt
sem þér hentar

Peningabréf
Landsbankans

ISK
14,4%*

GBP
6,0%*

USD
6,2%*

EUR
3,8%*

Markmið
Peningabréfa er
að ná hærri ávöxtun en
millibankamarkaður og
gjaldveisreikningar. Enginn
munur er á kaup-
og sölugengi.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru rekrir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa nýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útbóðslýsingar og útdráttar úr útbóðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 2. október - 1. nóvember 2006.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis	0%	31%
Alfesca	-2%	20%
Atlantic Petroleum	0%	36%
Atorka Group	0%	-2%
Avion Group	-3%	-24%
Bakkavör	1%	19%
Dagsbrún	-4%	-21%
FL Group	1%	19%
Glitnir	0%	34%
KB banki	-2%	11%
Landsbankinn	0%	20%
Marel	0%	22%
Mosaic Fashions	4%	-9%
Straumur	5%	9%
Össur	-3%	4%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Boða aðgerðir gegn lögbrjóttum

Microsoft á heimsvísu boðar hertar aðgerðir vegna hugbúnaðarstuldar og brota gegn höfundarrétti. Þannig hefur fyrirtækið í nokkrum löndum heims farið af stað með lögsóknir á hendur þeim sem það telur brotlegt. Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft Ísland, segir vel hafa gengið að koma hugbúnaðarleyfamálum fyrirtækja í betra hof hér, en þó séu örfáir svartir sauðir sem illa gengur að fást við.



MAÐUR SKOÐAR VISTA
Microsoft á Íslandi hugleiðir aðgerðir vegna örfárra svartra sauða sem ekki hafa svarað fyrirpurnum fyrirtækisins um hugbúnaðarleyfi.

„Við höldum áfram að fara samningsleiðina eins lengi og hægt er, en þó eru dæmi um menn sem við höfum í allt að þrjú ár verið í sambandi við og hafa ekki gefið svör varðandi stöðu mála hjá sér,“ segir hann og kveður Microsoft undirbúa að boða komu sína með fulltingi sýslumanns í þessi fyrirtæki og

gera úttekt á stöðu mála. Síðan verði þessum fyrirtækjum boðið að semja, en náist ekki saman sé þá ekki annað í stöðunni en leita til dómstóla. „Ég geri nú samt fastlega ráð fyrir að þessi mál klárast með einhvers konar sátt.“ Hann segir að miðað við þann fjölda mála sem fyrirtækið hafi unnið að hér heima hafi nánast orðið kraftaverk í leyfamálum síðustu tólf mánuði. „Ég er að reyna að losa okkur undan því að eiga metið í Vestur-Evrópu hvað varðar hugbúnaðarþjófnað. Það verkefni gengur mjög vel,“ segir Halldór.

- óká

Icelandair kynnt í NY

Glitnir stefnir að því að ganga frá skráningu og sölu hlutfjár í Icelandair fyrir áramót. Hlutfjárþing til almennings gæti farið fram í desember, þótt tímasetningar liggi ekki nákvæmlega fyrir.

Þessa dagana er verið að kynna félagið fyrir fjárfestum og lífeyrissjóðum. Um miðjan nóvember verður félagið kynnt fyrir markaðsaðilum í New York samkvæmt upplýsingum Markaðarins.

Tæp þrjátíu prósent hlutfjár í Icelandair eru óseld. - eþa

Afkoma þrefaldast, skattur helmingast

Exista nýtir sér hagstætt skattaumhverfi í Hollandi.

Exista borgaði helmingi minni tekjuskatt á þriðja ársfjórðungi samanborið við sama fjórðung í fyrra. Þetta gerist á sama tíma og hagnaður félagsins eftir skatta meira en þrefaldaðist á milli ára. Exista greiddi 755 milljónir króna í tekjuskatt á þriðja ársfjórðungi af 27,6 milljarða hagnaði en 1.555 milljónir króna í tekjuskatt af átta milljarða hagnaði fyrir sama tíma í fyrra.

Ástæðan er hagstætt skattaumhverfi í Hollandi en þar er dótturfélag Exista, Exista BV, sem heldur utan um kjarnafjárfestingar í Bakkavör, Kaupþingi og Símanum, til húsa. Meginhluti af hagnaði Exista kom af geng-

ishagnaði af eignarhlutum í Bakkavör og Kaupþingi. Engin fjármagnstekjuskattur er greiddur af óinnleystum gengishagnaði í Hollandi eins og hólendis og vegna tvísköttunarsamninga eru tekjurnar ekki skattlagðar á milli landa.

Tekjuskattahlutfall félagsins var því 2,7 prósent á síðasta ársfjórðungi en yfir nítján prósent árið 2005. Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Exista, býst við að skattahlutfall félagsins haldist lágt þegar litið er fram á veginn en eignir Exista í Kaupþingi, Símanum og Bakkavör nema yfir helmingi af heildareignum þess.

- eþa

Marel tapar á þriðja fjórðungi

Marel tapaði 61 milljón króna á þriðja ársfjórðungi. Félaginu hafði ýmist verið spáð hagnaði eða tapi hjá greiningardeildum bankanna.

Sala jókst um 90 prósent á milli ára og nam alls 5,2 milljörðum, en Marel hefur vaxið gríðarlega með yfirtökum á árinu.

Kostnaður jókst stórum á

þriðja ársfjórðungi samanborið við árið áður vegna samþættingaraðgerða á milli Marel, AEW Delford, Carnitech og Scanvægt. Einskiptiskostnaður mun hafa áhrif á reksturinn á næstu þremur ársfjórðungum.

Fyrir árið í heild nemur hagnaður Marel 58 milljónum króna.

- eþa

LV selur í Straumi

Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) hefur minnkað hlut sinn í Straumi-Burðarási Fjárfestingarbanka að undanförunu og það sama hefur Gildi lífeyrissjóður gert.

Um mitt síðasta sumar óskaði LV opinberlega eftir tilboðum í fimm prósent hlut sinn, en ekkert tilboð barst. Eignarhlutur LV er nú kominn niður í 2,52 prósent en Gildi hefur selt um tveggja

prósenta hlut.

Sund ehf. hefur aftur á móti verið að kaupa bréf í Straumi, tæp fimm prósent á nokkrum vikum, og heldur nú utan um 7,3 prósent hlut. Á dögnum keypti Samson Global Holding, eignarhaldsfélag Björgólfsfeðga, sautján prósent hlut Grettis í Straumi og á nú um þrjátíu prósent í félaginu. Björgólfsfeðgar og Sund eiga í samstarfi í gegnum Gretti. - eþa

Lítill hlutur útlendinga í íslensku bönkunum

Kaupþing áformar sölu á nýjum bréfum til erlendra fjárfesta sem gæti opnað dyr fyrir hina bankana. Erlendir fjárfestar eiga um 21-29% í sænsku bönkunum en 16% í Kaupþingi.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Eignarhald útlendinga í íslensku bönkunum er lágt í samanburði við aðra norræna banka, en íslensku viðskiptabankarnir eru í hópi tíu stærstu banka Norðurlanda. Samkvæmt upplýsingum frá Kaupþingi nemur eignarhlutur erlendra fjárfesta um sextán prósentum af heildarhlutafé bankans. Mest er um að ræða sænska og breska fjárfesta. Gangi áform bankans eftir um sölu á nýjum hlutum fyrir áramót, sem eingöngu verður beint til erlendra fagfjárfesta, hækkar hlutfallið í um fjórðung. Hlutur útlendinga er öllu minni í Glitni og Landsbankanum.

Í Svíþjóð eiga erlendir fjárfestar um 21-29 prósent hlutfjár í stærstu bönkunum, eignarhlutur

útlendinga er um 34 prósent í DnBNOR og rúm 67 prósent í Storebrand. Yfir helmingur hlutfjár í Danske Bank og finnska bankanum Sampo er í erlendra eigu.

Hlutur erlendra fjárfesta í norrænu bönkunum er í reynd enn minni þar sem undir erlenda hlutfjáreign flokkast bréf á vörslureikningum, til dæmis í Lúxemborg, og stundum hlutfjáreign erlendra hlutfélaga sem eru í eigu innlendra aðila. Þetta á þó ekki við útlendan eignarhlut í Kaupþingi.

Kaupþing hyggst auka hlutfé um tíu prósent og gæti söluvirði bréfanna numið 55 milljörðum króna. Auk þess sem salan breiðkar hluthafahópin mun hún stuðla að auknum seljanleika hlutabréfa félagsins sem eru einnig skráð á markaði í Stokkhólmi.

Tveir af stærstu bönkunum heims, Citigroup og Morgan Stanley, hafa tekið að sér að selja nýju hlutabréfin. „Það er afar jákvætt að tveir af öflugustu bönkunum heims kynni Kaupþing fyrir viðskiptavinum sínum,“ segir Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi.

Jónas Gauti Friðbjólfsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, telur að takist Kaupþingi að afla 55-60 milljarða hjá erlendum fjárfestum verði um kaflaskil að ræða hjá þeim íslensku fyrirtækjum í Kaupþinginni sem hafi áhuga á að stækka með innri og ytri vexti. „Gangi þetta eftir [hjá Kaupþingi] tel ég eins líklegt að erlendir fjárfestar hafi áhuga á hinum bönkunum.“

Jónas Gauti telur eðlilegt að ef Kaupþing ætli sér að kaupa félög fyrir tugi milljarða og jafnvel meira þá verði bankinn að sækja eigið fé til að kaupa eigið fé. Þetta var uppi á teningnum þegar bankinn keypti FIH á sínum tíma. Ein ástæðan fyrir því að Kaupþing leiti út fyrir landssteinana að nýju fjármagni sé meðal annars sú að takmörk eru fyrir því hversu mikið innlendir fjárfestar, eins og lífeyrissjóðir, geti átt í einstökum félögum.

ERLENT EIGNARHALD Í NORRÆNUM BÖNKUM

Banki	Hlutur útlendinga *
Storebrand	67,8%
Sampo	53,4%
Danske bank	51,4%
DnBNOR	37,9%
SEB	28,7%
Nordea	27,9%
Handelsbanken	25,9%
Swedbank	20,8%
Kaupþing	16,0%
Landsbankinn	10,0%**
Glitnir	3,0%**

* Auk erlendra vörslureikninga

** Eftir því sem næst verður komist



RÚV PLÚS NÚ Á DIGITAL ÍSLANDI

STÆRSTA DREIFIKERFIÐ | EINFALDASTA UPPSETNINGIN | LANG FLESTAR STÖÐVAR

Rúv plús er á rás 99

OG VODAFONE / 515 6100 / DIGITALISLAND.IS

digital island

SAMSUNG

**SKRIFSOFTÆKIN
NÚ HJÁ ORMSSON**

**VORUM AÐ
FÁ SENDINGU
AF FRÁBÆRUM
TÖLVUSKJÁM
FRÁ SAMSUNG**



**SAMSUNG
SyncMaster 710N**
Skjástærð: 17"
Upplausn: 1280 x 1024
Ljós magn: 300cd/m2
Skerpa: 600:1
Svartími: 12 ms
Litafjöldi: 16.2 milljónir
Litur silfur

VERÐ: 25.900,-



**SAMSUNG
SyncMaster 920N**
19" skjár
Upplausn 1280 x 1024
Ljós magn 250cd/m2
Skerpa 700:1
Svartími 8 ms
Litafjöldi 16.2 milljónir
Litur silfur

VERÐ: 33.900,-



**SAMSUNG
SyncMaster 970N**
19" skjár
Upplausn 1280 x 1024
Ljós magn 250cd/m2
Skerpa 1000:1
Svartími 6 ms
Litafjöldi 16.7 milljónir
Litur Hvítur háglans

VERÐ: 56.900,-



**SAMSUNG
SyncMaster 204B**
20,1" skjár
Upplausn 1600 x 1200
Ljós magn 300cd/m2
Skerpa 800:1
Svartími 5 ms
Litafjöldi 16.7 milljónir
Litur Silfur

VERÐ: 59.900,-

**SAMSUNG LASER PRENTARAR
Á VERÐI SEM ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ FYRR:**

LITA-LASER



**AÐEINS
15.900,-**

SAMSUNG ML-2010
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 20 bl./mín.
Upplausn: 1200x600dpi
Pappírsbakki inn: 150 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS, Linux
Tenging: USB



**TILBOÐSVERÐ
29.900,-**

SAMSUNG ML-3051N
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 28 bl./mín.
Upplausn: 1200x1200dpi
Pappírsbakki inn: 250+50 blöð
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Hermun: PostScript3, PCL6, IBM ProPrinter, Epson
Tenging: USB 2.0, Parallel, Ethernet 10/100 Base TX



**AÐEINS
39.900,-**

SAMSUNG CLP-510
Prentari: Litalaserprentari
Prenthraði: 24 bl./mín. í svarthvítu, 6 bl./mín. í lit
Upplausn: 1200x1200dpi
Pappírsbakki inn: 250+100 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS og Linux
Tenging: USB 2.0



LITA-LASER

**TILBOÐSVERÐ
59.900,-**

SAMSUNG CLP-600N
Prentari: Litalaserprentari m/netkorti
Prenthraði: 20 bl./mín. í svarthvítu, 20 bl./mín. í lit
Upplausn: 2400x600dpi
Pappírsbakki inn: 250+100 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS, Linux
Tenging: USB 2.0, Ethernet 10/100 Base TX

FJÖLNOTATÆKI



**AÐEINS
24.900,-**

SAMSUNG SCX-4200
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 18 bl./mín.
Upplausn: 600x600dpi
Skanni og ljósritun:
Upplausn: 600x2400dpi
(max. 4800x4800dpi)
Pappírsbakki inn: 250 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS, Linux
Tenging: USB 2.0

Þú gengur að gæðunum vísum!

ORMSSON



Nokkuð um innbrot í heimabanka

Nokkuð er um að brotist sé inn í heimabanka fólks samkvæmt könnun sem Fjármálaeftirlitið gerði í upphafi þessa árs. Greint er frá þessu í ársskýrslu stofnunarinnar sem út kom í gær.

„Virðast orsakirnar undantekningalaust liggja hjá notendum þjónustunnar. Hér er átt við að njónnahugbúnaði hefur verið komið fyrir í tölvum viðkomandi notenda,“ segir í skýrslunni og tekið fram að tryggja þurfi betur öryggi í aðgangi notenda heimabanka.

„Það er mjög brýnt að bæði notendur heimabanka og rekstraraðilar þeirra leggist á eitt um



SVIÐSETTUR VETTVANGUR TÖLVU-GLÆPS Fjármálaeftirlitið hugar að því hvernig staðið er að upplýsingatæknimálum í eftirlitsskyldum fyrirtækjum.

„að bæta öryggi þeirra, en unnið er að því verkefni,“ segir stofnunin, en eftirlit með upplýsingatækni hjá eftirlitsskyldum aðilum er áfram sagt munu verða mikilvægur þáttur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. - óka

Kínverskur útvegur verður mikilvægari

Sjávarútvegsteymi Glitnis hefur gefið út sjávarútvegsskýrslu um Kína. Þetta er mesta fiskveiðiþjóð heims og enn fremur stærsti fiskeldisframleiðandi heims en Kínverjar veiða um 35 prósent heimsaflans. Gangi spár eftir mun neysla á sjávarafurðum á hvern mann aukast um 44 prósent til ársins 2020 og því er ljóst að Kína mun verða enn mikilvægari markaður fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki er tímar líða.

Aukinn hagvöxtur í Kína og þar með meiri neysla sjávarafurða hefur ekki einungis jákvæð áhrif fyrir íslensk fyrirtæki því



GÖTUMYND FRÁ KÍNA

þróunin þarlendis á undanförunu hefur leitt til verðhækkana á sjávarafurðum. Að mati Glitnis blasa mörg tækifæri við erlendum fjárfestum í kínverskum sjávarútvegi vegna stærðar hans og umfangs.

Reiknað er með að mikilvægi beitarfisks aukist en framleiðsla á tegundinni hefur verið hraðari en á öðrum eldistegundum. Beitarfiskur er framleiddur til neyslu í Kína en markaðir í Bandaríkjunum vaxa hratt.

Glitnir hefur áður gefið út samþæfilegar skýrslur um sjávarútveg í Bandaríkjunum, Kanada, Noregi og Suður-Ameríku. - eþa

SPRON vill vaxa með sölu stofnfjár

Stofnfjáreigendur í SPRON samþykktu á mánudaginn að veita stjórn félagsins heimild til að auka stofnfé þess um tíu milljarða króna að markaðsvirði, sama dag og sparissjóðurinn tilkynnti um methagnað. Nýti stjórnin sér heimild sína að fullu tvöfaldast stofnfé sparissjóðsins.

Guðmundur Hauksson, sparissjóðsstjóri SPRON, nefnir að ein ástæða þess að óskað var eftir þessari heimild hafi verið sú að styðja við áform um frekari vöxt fyrirtækisins. SPRON vill stækka útlánasafnið og auka þar með vaxtatekjur. Þá hafi sparissjóðurinn áfram hug á því að fjárfesta í fyrirtækjum og verðbréfum eins og gert hefur verið með góðum árangri. Aukning stofnfjár myndi einnig styrkja eiginfjárstöðu SPRON sem er þýðingarmikið upp á vaxtakjör þegar sparissjóðurinn leitast sér lánsfjármagns, einkum erlendis. Guðmundur nefnir einnig að SPRON ætli sér stóra hluti á ört vaxandi fjármálamarkaði og það verði ekki gert nema á grundvelli meiri eigin fjár.



GUÐMUNDUR HAUKSSON OG HILDUR PETERSEN Sparissjóðsstjórn fékk heimild til að allt að tvöfalda stofnfé sparissjóðsins.

Eigið fé SPRON í dag er um 26 milljarðar sem er öllu meira en Landsbankans árið 2003 þegar bankinn var að stíga sín fyrstu skref í útrásinni. Guðmundur segir að sparissjóðurinn hafi ekki horft til útrásar og ætli sér að eflast á innanlandsmarkaði. SPRON hefur verið að byggja upp nýjar einingar, til dæmis á verðbréfasviði. „Hitt er svo annað að við höfum verið að fjárfesta í Exista og ýmsum öðrum verðbréfum. Það er miklu líklegra að við munum gera það utan landsteinanna rétt eins og við höfum gert hérna heima.“ - eþa

Bankarnir þurfa að sýna aukna aðgætni

Fjármálaeftirlitið spáir samdrætti í afkomu bankanna næstu 12 til 18 mánuði, eftir einmunatið. Ársfundur Fjármálaeftirlitsins var haldinn í gær í Salnum í Kópavogi.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Með auknu umfangi og starfsemi fjármálafyrirtækja utan landsteinanna er fyrirséð að verkefni og ábyrgð Fjármálaeftirlitsins aukist. Þetta er meðal þess sem fram kom á ársfundi eftirlitsins í Salnum í Kópavogi síðdegis í gær. Á fundinum var meðal annars fjallað um þróun og horfur á fjármálamörkuðum.

Í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins, sem kynnt var á fundinum, kemur fram að unnið sé að mótun stefnu um eftirlit með erlendra starfsemi fyrirtækjanna og varðandi samskipti við erlendar eftirlitsstofnanir. Þar segir að á sama tíma og íslensku bankarnir hafi stækkað og aukið umsvif



JÓNAS FR. JÓNSSON Jónas, sem er forstjóri Fjármálaeftirlitsins, fór yfir ársskýrslu eftirlitsins á ársfundi þess í gær. Þar segir að bankarnir þurfi að sýna aukna aðgætni í fjárfestingum á næstunni. MARKAÐURINN/VALLI

sín erlendis hafi eignarhald þeirra þrengst og stórir eignarhlutir orðið mjög áberandi. Jafnframt séu í sumum tilvikum stórir hluthafar einnig viðskiptavinir viðkomandi banka eða í samstarfi um fjárfestingar. Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir stóra eignarhluti eða viðskiptatengsl á milli eigenda og fjármálafyrirtækja í sjálfu sér ekkert óeðlileg, auk þess sem smæð hagkerfisins geri að búast megi við því að að eignarhald sé þrengra og viðskiptatengsl meiri en í stærri ríkjum. „Engu að síður felast í þessu tilteknar áhættur og hlutverk Fjármálaeftirlitsins er að tryggja að ákveðnar leikreglur um jafnræði, hagsmunaárekstra og hæfi séu virtar,“ segir hann.

Í ársskýrslunni kemur fram að tekjustofnar stærstu viðskiptabankanna hafi breikkað verulega í kjölfar kaupa þeirra á erlendum fjármálafyrirtækjum og vegna aukinna útlána til fyrirtækja með starfsemi erlendis. Þannig numu hreinar rekstrartekjur af erlendra starfsemi bankanna 58 prósentum af heildartekjum þeirra á fyrri hluta þessa árs samanborið við fjórðung á árinu 2003. „Hjá stærsta viðskiptabankanum var hlutdeild tekna af erlendra starfsemi 66 prósent á fyrri hluta ársins 2006 samanborið við tæp 50 prósent árið 2003. Bankarnir eru þannig ekki eins háðir sveiflum í efnahagsumhverfi innanlands og áður var,“ segir í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins. Aukin

áhættudreifing samfara útrás bankanna er sögð jákvæð en um leið er bent á hvernig endurfjármögnunaráhætta bankanna vegna erlendra lána hafi aukist umtalsvert. „Það var þessi aukna endurfjármögnunaráhætta sem öðru fremur leiddi til þess að álag á erlenda fjármögnun bankanna jókst talsvert á fyrri hluta ársins 2006. Hækkun álagsins á sér jafnframt skýringu í versnandi horfum í efnahagslífinu hérlandis og gagnrýninni umfjöllun áhrifamikilla erlendra fjárfestingarbanka um tilteknar hliðar á starfsemi bankanna,“ segir Fjármálaeftirlitið, sem þó hefur komið á framfæri við fjárfesta að bankarnir hafi ekki brotið neinar reglur með fyrirkomulagi og fyrirgreiðslu sinni í þessu. „Á hinn bóginn var við því að búast að hröð stækkun íslensku bankanna, metarðsemi og strandhögg þeirra á erlendra grundu myndi ósjálfrátt vekja upp spurningar og jafnvel grunsemdir hjá þeim sem ekki þekkja vel til hvað liggur að baki.“ Fjármálaeftirlitið telur ljóst að í ljósi lakari vaxtakjara bankanna á erlendum lánum og eftir því sem um hægist í efnahagslífinu hér á næstu misserum kunni afkoma bankanna að dragast eitthvað saman á næstu 12 til 18 mánuðum, en hún hafi verið einstaklega góð undanfarin ár. „Við þessar aðstæður má ætla að bankarnir þurfi að auðsýna aukna aðgætni í fjárfestingum á næstunni, á erlendum mörkuðum jafnt sem innlendum.“

SJÓÐUR 10
ÚRVAL INNLENDRA
HLUTABRÉFA

39,9%

Nafnvöxtun síðustu 12 mánuði m.v. 30.09.2006*

BESTA ÁVÖXTUN
SAMBÆRILEGRA SJÓÐA
SÍÐUSTU 24 MÁNUÐI**

Markmið sjóðsins er að ná hærri ávöxtun en úrvalsvísitala Kauphallar Íslands.

KOSTIR VERÐBRÉFASJÓÐA GLITNIS:

- Mikil áhættudreifing og góð ávöxtun
- Eignastýring í höndum sérfræðinga
- Ávallt innleysanlegir

Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á www.glitnir.is og kláraðu málið.

Sjóður 10 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Utboðslýsinga og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útbúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.

* Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð

** Sjá ávöxtun innleendra hlutabréfasjóða á www.sjodir.is

GLITNIR

4. sæti

Prófkjör sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi – 11. nóvember 2006

Álftanes | Garðabær | Hafnarfjörður | Kjósarheppur | Kópavogur | Mosfellsbær | Seltjarnarnes

Við styðjum Ragnheiði Elínu í 4. sæti



Hanna Birna Kristjánsdóttir
forseti borgarstjórnar, Reykjavík

„Allt frá því ég kynntist Ragnheiði Elínu hef ég dáðst að krafti hennar, bjartsýni og baráttugleði. Ég hef lengi vonað að hún tæki ákvörðun um að nýta þessa eiginleika sína, auk viðtækrar þekkingar og reynslu, enn frekar í þágu samfélagsins, stjórnmalanna og Sjálfstæðisflokksins. Nú hefur það gerst og ég er sannfærð um að Ragnheiður Elin mun standa undir öllum okkar væntingum og verða þingmaður og forystumaður sem mikið munar um.“



Ásdís Halla Bragadóttir
forstjóri, Garðabær

„Ragnheiður hefur allt sem góður þingmaður þarf að hafa. Hún hefur sterka sýn, góða menntun og ómetanlega reynslu. En umfram allt er hún heilsteypur og heiðarlegur einstaklingur sem vill vinna að því að skapa enn betra samfélag fyrir alla. Þess vegna styð ég hana eindregið í 4. sæti.“



Sigríður Rósa Magnúsdóttir
bæjarstjórnarfulltrúi, Álftanes

„Ég styð Ragnheiði Elínu í 4. sæti því ég veit að hún mun beita sér fyrir bættum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Ég styð hana einnig vegna þess að hún hefur yfirgripsmikla þekkingu á málefnum samfélagsins og mun byggja áfram á þeim árangri sem náðst hefur undanfarin misseri.“



Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
vinnumarkaðsfræðingur og varabæjarfulltrúi, Mosfellsbær

Ég hef þekkt Ragnheiði Elínu í 17 ár og er hún glæsilegur fulltrúi sinnar kynslóðar. Hún er skarpgreind og vinnusöm og það býr í henni mikill kraftur og eljazz. Reynsla hennar og menntun mun nýtast vel inn á Alþingi okkar Íslendinga. Ég treysti Ragnheiði Elínu til að byggja á þeim mikla árangri sem náðst hefur í íslensku samfélagi síðustu ár. Ég styð Ragnheiði Elínu í 4. sæti og hvet þig til að gera slíkt hið sama. Ragnheiði Elínu á þing!



Arnór Guðjohnsen
knattspyrnumaður, Kópavogur

„Ragnheiður Elin er kraftmikil og býr yfir mikilli þekkingu og dýrmætri reynslu af stjórnmalum. Henni treysti ég til að vinna af heilum hug að íþrótt- og æskulýðsmálum. Ég hvet alla til að styðja hana í 4. sæti á lista sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi.“



Jónmundur Guðmarsson
bæjarstjóri á Seltjarnarnesi

„Ragnheiður Elin er sterkur einstaklingur sem vegna starfa sinna býr að mikilli yfirsýn yfir helstu viðfangsefni stjórnmalanna og hugsjónir okkar sjálfstæðismanna. Áralöng störf við hlið ráðherra og skýr sýn á sjálfstæðisstefnunna er dýrmætt veganesti fyrir unga stjórnmalakonu og ávinningur fyrir kjósendur Sjálfstæðisflokksins. Ragnheiður Elin á brýnt erindi á þing.“



Ólafur G Einarsson
fv. ráðherra, Garðabær

„Ragnheiður Elin er erindi á Alþingi vegna menntunar sinnar, fjölbreyttra starfa, áhuga á þjóðmálum og mótaðra skoðana á þeim. Með fagaðri framkomu og yfirveguðum málfletningi auðveldar hún okkur valið. Tryggjum henni 4. sætið á framboðslista Sjálfstæðismanna í kjördæmi okkar.“



Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarfulltrúi, Hafnarfjörður

„Ragnheiður Elin er afar málefnaleg og skeggur talsmaður sjálfstæðisstefunnar. Hún hefur dýrmæta reynslu af stjórnmalastarfi og verður glæsilegur þingmaður.“

Anna Borg einkaþjálfari og sjúkraþjálfari, Kópavogur
Anna María Kristmundsdóttir flugfreyja, Garðabær
Anna Mjöll Lindal viðskiptafræðingur, Kópavogur
Anna Sigurbránsdóttir lyfjateknir, Garðabær
Anna Hauksdóttir doktorsnemi
Arnar Már Jóhannesson löggiltur endurskoðandi, Reykjavík
Arnar Már Kristinnsson smiður, Reykjavík
Arnar Sigurbjörnsson Kópavogur
Auður Finnbogadóttir viðskiptafræðingur, Garðabær
Ágúst Sindri Karlsson lögmaður, Hafnarfjörður
Ágúst Svansson yfirlögregluþjónn, Álftanes
Árni Bjarnason listamaður, Reykjavík
Árni Hauksson framkvæmdastjóri, Garðabær
Árni Ólafsson fiskisali, Hafnarfjörður
Áshildur Bragadóttir stjórnmal- og viðskiptafræðingur, Kópavogur
Áslaug Hulda Jónsdóttir ráðgjafi menntamálaráðherra, Garðabær
Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir kennari, Garðabær
Ásta Möller alþingismaður og form. Landssambands sjálfstæðiskvenna, Reykjavík
Ásta Þórarinsdóttir hagfræðingur, Kópavogur
Ásthildur Sturludóttir stjórnsýslufræðingur, Seltjarnarnes
Baldur Snæland sölufulltrúi, Seltjarnarnes
Baldvín Mar Smárason vefhönnuður, Hafnarfjörður
Bára Magnúsdóttir Dansrækt JSB, Garðabær
Birgir Örn Guðjónsson rannsóknarlögregluamaður, Hafnarfjörður
Bjarni Árnason veitingamaður, Reykjavík
Björn Berg Gunnarsson meistaranemi, Reykjavík
Björn Hilmarsson tölvunarfræðingur, Garðabær
Björn Ingi Hafliðason flugstjóri, Garðabær
Borgar Þór Einarsson formaður SUS
Brynhildur Einarsdóttir sagnfræðingur, Reykjavík
Dagmar Sigurðardóttir lögmaður, Seltjarnarnes
Dóra Ásgeirsdóttir deildarstjóri, Garðabær
Dröfn Ösp Snorraddóttir verkefnastjóri og stjórnmalfræðingur, Reykjavík
Edda Rut Björnsdóttir viðskiptafræðinemi, Hafnarfjörður
Einar Guðbjartsson dósent HI, Mosfellsbær
Elin Bjarnadóttir lækni

Elin María Björnsdóttir verslunarstjóri og dagskrárgerðarkona, Garðabær
Ellen Elsa Sigurðardóttir einkaþjálfari, Álftanes
Ellert Eiríksson fyrr. bæjarstjóri, Reykjanesbær
Erling Ásgeirsson formaður bæjarráðs og oddviti sjálfstæðismanna, Garðabær
Erlingur Hansson fv. deildarstjóri, Kópavogur
Erlingur Þór Tryggvason laganemi og formaður Hugins, félags ungra sjálfstæðismanna í Garðabær
Erna Gisladóttir forstjóri, Seltjarnarnes
Eydis Hilmarisdóttir Reykjavík
Friðbjörg Ingjaldsdóttir húsmóðir, Reykjavík
Friða Gylfadóttir háskólanemi, Seltjarnarnes
Garðar H. Friðjónsson framkvæmdastjóri, Garðabær
Garðar Ólafsson bankastarfsmaður, Seltjarnarnes
Gizur Sigurðsson framkvæmdastjóri, Seltjarnarnes
Gísli B. Ívarsson sölustjóri, Garðabær
Guðbjartur R. Einarsson skipstjóri, Garðabær
Guðfinna Kristjánsdóttir hárskeri, Álftanes
Guðrjúður Sigurðardóttir starfsmannastjóri, Reykjavík
Guðrún Anna Sturludóttir laganemi, Garðabær
Guðrún Inga Ingólfsdóttir hagfræðingur, Seltjarnarnes
Guðrún Willardsdóttir félagsfræðingur, Garðabær
Gunnar Hrafn Jónsson rafmagnstæknifræðingur, Garðabær
Gunnar Viðar lögfræðingur, Kópavogur
Gunnar Þorbergur Gylfason háskólanemi, Seltjarnarnes
Gunnhildur Gunnarsdóttir snyrtifræðingur, Garðabær
Gunnlaugur Hjálmarsson eftirlaunamaður, Kópavogur
Gunnlaugur Snær Ólafsson háskólanemi, Reykjavík
Haldóra Vífilsdóttir arkitekt, Kópavogur
Hans H. Stefánsson veitingamaður, Mosfellsbær
Haraldur Sverrisson bæjarfulltrúi, Mosfellsbær
Helga Árnadóttir ferðaradgjafi, Seltjarnarnes
Helga Guðrún Jónasdóttir kynningarstjóri og fv. formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna, Kópavogur
Helga Kristín Auðunsdóttir lögfræðingur og varaformaður SUS, Reykjavík
Helgi Ingi Sigurðsson skrifstofumaður, Kópavogur
Hildur Kristmundsdóttir viðskiptafræðingur, Álftanes
Hrafnhildur Konráðsdóttir bókarí, Garðabær

Hulda Dóra Styrmsdóttir stjórnendaráðgjafi, Hafnarfjörður
Ingi G. Ingason framkvæmdastjóri, Garðabær
Ingi Jóhann Guðmundsson útgerðarmaður, Garðabær
Jóhanna Kristjánsdóttir rekrstarstjóri Heilsuhússins, Seltjarnarnes
Jón Hákon Magnússon framkvæmdastjóri, Seltjarnarnes
Karl Valgeir Jónsson kennari, Garðabær
Kári Sölmundarson sölustjóri, Reykjavík
Klara Lisa Hervaldsdóttir þjónustustjóri, Garðabær
Kristín Stefánsdóttir hárgreiðslukona, Kópavogur
Kristján Ármannsson bókasafns- og upplýsingafræðingur, Mosfellsbær
Magnús Gunnarsson viðskiptafræðingur og fv. formaður VSÍ, Garðabær
Margrét Leósdóttir lækni
Margrét Waage kennari, Garðabær
Maria B. Óskarsdóttir framkvæmdastjóri afmælisnefndar Landsbankans, Seltjarnarnes
Maria Kristín Gylfadóttir formaður Heimilis og skóla og varabæjarfulltrúi, Hafnarfjörður
Ólafur F. Haraldsson lögmaður, Mosfellsbær
Ólafur Örn Nielsen forritari, Garðabær
Ólób B. Kristjánsdóttir framhaldsskólakennari, Garðabær
Patrekur Jóhannesson handknattleiksmaður, Garðabær
Páll Hilmarsson forseti bæjarstjórnar, Garðabær
Ragnheiður Sóley Stefánsdóttir nemi, Seltjarnarnes
Ragnhildur Gottskálksdóttir snyrtifræðingur, Seltjarnarnes
Ragnhildur Inga Guðbjartsdóttir bæjarfulltrúi, Garðabær
Ragný Þóra Guðjohnsen framkvæmdastjóri og varabæjarfulltrúi, Garðabær
Sighvatur Bjarnason framkvæmdastjóri, Seltjarnarnes
Sigríður Anna Þórárdóttir alþingismaður, Mosfellsbær
Sigríður Dis Guðjónsdóttir verkfræðinemi, Garðabær
Sigríður Ómarsdóttir viðskiptafræðingur, Garðabær
Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir hagfræðingur, Garðabær
Sigrún Oddsdóttir húsmóðir, Reykjavík
Sigurður I. Björnsson fjárfestingarstjóri, Hafnarfjörður

Sigurður Logi Snæland nemi, Seltjarnarnes
Sigprúður Ármann lögfræðingur, Garðabær
Skúli Hansen Nemi við Verzlunarskóla Íslands, Garðabær
Stefán Einarsson skipstjóri, Seltjarnarnes
Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ og bæjarfulltrúi, Garðabær
Sturla Þorsteinsson kennari og varabæjarfulltrúi, Garðabær
Svafa Grönfeldt aðstoðarforstjóri Actavis, Reykjavík
Sverrir Garðarsson hljóðfæraleikari, Kópavogur
Theódór Kristjánsson lögregluamaður, Mosfellsbær
Tinna Traustadóttir lyfjafraeðingur
Valdimar Bergsson framkvæmdastjóri og fv. formaður Félags sjálfstæðismanna í Garðabær
Þorbergur Aðalsteinsson sölu- og markaðsstjóri, Reykjavík
Þorgerður Anna Arnardóttir skólalastjóri og formaður Félags sjálfstæðismanna í Garðabær
Þorgrímur G. Jörgensson Kópavogur
Þorgrímur St. Árnason öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisstjóri HS, Reykjanesbær
Þór Sigurgeirsson bæjarfulltrúi, Seltjarnarnes
Þóra Bjarnadóttir Mosfellsbær
Þórunn Ásta Ólafsdóttir doktorsnemi, Reykjavík



RAGNHEIÐUR ELÍN

Byggjum á árangri Kosningaskrifstofa Ragnheiðar Elínar og stuðningsmanna er í Bæjarlind 2 í Kópavogi. Sími 564 6549 - ragnheidurelin@ragnheidurelin.is - www.ragnheidurelin.is

Hugbúnaðarstjóri í steininn

Sanjay Kumar, fyrrverandi forstjóri og stjórnarformaður bandaríska hugbúnaðarfyrirtækisins Computer Associates, hlaut í síðustu viku tólf ára fangelsisdóm og greiðslu sektar upp á 4,2 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 285 milljóna íslenskra króna. Kumar var fundinn sekur um ýmiss konar bókhaldsvik, meðal annars að falska afkomutölur fyrirtækisins, og reyna að koma í veg fyrir rannsókn yfirvalda á fyrirtækinu árið 2000.



SANJAY KUMAR - Segist sjá eftir að hafa falsað afkomutölur Computer Associates. MARKAÐURINN/AFP

Kumar sagði fyrir réttinum að hann sæi eftir gjörðum sínum og að hann ætti sér engar málsbætur.

Kumar mun hafa logið til um tekjur Computer Associates á árunum 1999 og 2000 og eytt símskeytum og öðrum gögnum til að falska samningagerð auk þess sem hann laug að hluthöfum fyrirtækisins og reyndi að móta vitnum í málinu.

Athæfið uppgötvadist árið 2004 og lét Kumar þá af störfum hjá fyrirtækinu. - jab

Buffet kaupir í stórfyrirtækjum

Bandaríski fjárfestingasjóðurinn Berkshire Hathaway, sem milljarðamæringurinn Warren Buffett stýrir, hefur keypt stóra og tilkynningaskylda hluti í nokkrum stórfyrirtækjum vestanhafs síðustu daga.

Ekki liggur fyrir hvenær sjóðurinn keypti hlutina en Buffett hefur oft farið þess á leit við Fjármálaeftirlitið að það geri kaup sjóðsins ekki opinber fyrstu dagana því líkur séu á að margir fjárfestar séu gjarnir á að fylgja í fótspor „vitringsins frá Omaha“.

Á meðal þess sem sjóður-

inn keypti í var stór hlutur í bandarísku lágvörversluninni Target, þeirri næststærstu á eftir verslanakeðjunni Wal-Mart, og hreinlætisvöruframleiðandanum Johnson & Johnson.



WARREN BUFFETT Fjárfestingasjóður Buffetts hefur keypt stóra hluti í fyrirtækjum í Bandaríkjunum. Fjárfestar eru gjarnir á að fylgja í fótspor Buffetts. MARKAÐURINN/AFP

Markaðsvirði hlutanna í Target nemur tæpum 268,8 milljónum dala eða 18,2 milljörðum króna en hluturinn í Johnson & Johnson er metinn á um 102 milljarða íslenskra króna.

Það athyglisverða við kaupin er að fjárfestingasjóður Buffetts hefur átt stóran hlut í samkeppni-aðilanum Wal-Mart í mörg ár. Þessu til viðbótar hefur verið haft eftir Buffett að hann fjárfesti eingöngu í fyrirtækjum með góðan rekstur og sé enginn tilgangur Warrens með kaupum í þeim annar en að ná inn hagnaði.

- jab

Sætaskipti á ríkustu mönnum Kína

Verslanakeðjueigandinn Huang Guangyu hefur velt Zhang Rongkun, stjórnarformanni raf-tækjaframleiðandans Shanghai Electric Group, úr sessi sem ríkasti maður Kína. Bandaríska viðskiptatimaritið Forbes metur eignir Hungs, sem er 37 ára, á 2,3 milljarða Bandaríkjadali eða um 156 milljarða íslenskra króna.

Bandaríska vikuritið Time segir ævisögu Hungs vera líkasta ævintýri um mann sem brýst úr fátækt til frama. Hann hætti í skóla 16 ára gamall, keypti raftæki frá verksmiðjum í suðurhluta Kína og seldi í götubási í Peking. Hung hafði betur í baráttunni við keppinautana um lægsta verðið og færði fljótlega út kvíarnar. Nú rekur hann um 420 verslanir víðs vegar



RÝNT Í LISTA FORBES 37 ára verslanakeðjueigandi er ríkasti maður Kína, að mati Forbes. MARKAÐURINN/AFP

um Kína undir merki fyrirtækisins síns, Gome Gome Electrical Appliances Holdings Ltd, sem er með höfuðstöðvar í Hong Kong.

Mikill vöxtur hefur verið á kínverska íbúðamarkaðnum undanfarnin ár en Hung hefur hagnast vel á því að fjöldi Kínverja hefur keypt raftæki í hífylí sín í verslunum hans. Til dæmis tvöfaldaðist auður hans á síðasta ári einu saman vegna þessara miklu umsvifa.

Kínverskir fjölmiðlar segja Hung nú vera undir smásjá kínverskra yfirvalda vegna fjármálasvika. Hung hefur neitað ásökunum sem þessum. - jab

Þrýstir á hluthafa Aer Lingus

Stjórnarformaður Aer Lingus segir tilboð Ryanair í flugfélagið of lágt og vill að hluthafar felli það.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

John Sharman, stjórnarformaður írsku flugfélagsins Air Lingus, sem að hluta er í eigu írsku ríkisins, sendi hluthöfum harðort bréf á föstudag þar sem þeir eru hvattir til að taka ekki yfirtökutilboði landa þeirra hjá lágjaldflugfélaginu Ryanair.

Í bréfinu segir Sharman að stjórnendur Ryanair skorti þekkingu á verkalýðsmálum og starfsmannahaldi og ítrekaði afstöðu stjórnar Air Lingus, sem segir yfirtökutilboðið ekki endurspeglar raunverulegt virði flugfélagsins.

„Ekki skrifa undir neitt sem ráðgjafar Ryanair hafa sent ykkur,“ skrifar Sharman, sem einnig kemur inn á hagræðinguna sem Michael O’Leary, for-



MICHAEL O’LEARY Forstjóri Ryanair hefur boðað uppsagnir á starfsfólki kaupi flugfélagið Aer Lingus. Stjórnarformaður Aer Lingus biður hluthafa um að skrifa ekki undir neitt. MARKAÐURINN/AFP

stjóri Ryanair, hefur boðað verði að kaupunum. Sharman segir hagræðinguna þegar hafna.

Aer Lingus var að langstærstum hluta í eigu írsku ríkisins þar til í septemberlok þegar það var einkavætt. Ríkið er eftir sem áður stærsti einstaki hluthafinn

með um 28 prósentu hlut en starfsmenn Aer Lingus og lífeyrissjóður flugmanna hjá félaginu eiga góðan hluta ásamt almennum fjárfestum.

Ryanair tryggði sér sextán prósentu hlut í Aer Lingus en jók hann fljótlega í um níttján prósent og gerði í kjölfarið yfirtökutilboð í alla hluti þess.

Michael O’Leary hefur hins vegar sagt að gangi hluthafar ekki að tilboðinu sé hætta á að Air Lingus vaxi lítið og verði lítið fyrirtæki flugfélag á innanlandsmarkaði.

Hluthafar Aer Lingus hafa fram til 13. nóvember næstkomandi tíma til að velta vöngum yfir yfirtökutilboði Ryanair sem hljóðar upp á 2,8 evrur á hlut, sem er 27 prósentum yfir útboðsgengi félagsins.

Breskir forstjórar á ofurlaunum

Launamunur forstjóra hjá stórfyrirtækjum og almennra launþega hefur stórukaust í Bretlandi, samkvæmt niðurstöðum samtakanna Income Data Services (IDS), sem heldur skrá um tekjur manna í Bretlandi.

Samkvæmt IDS hafa árslaun forstjóra 100 stærstu fyrirtækja í Bretlandi hækkað um 43 prósent að meðaltali á síðastliðnu ári. Grunnlaun forstjóranna námu 730.000 pundum eða um 95 milljónum króna að meðaltali á ári, sem jafngildir 7,9 milljónum krónum í mánaðarlaun. Með bónusgreiðslum, kaupréttarákvæðum og öðrum hlunnindum nema árslaunin hins vegar 2,9 milljónum punda eða 376 milljónum íslenskra króna á ári, sem jafngildir rúmlega 31 milljón króna í mánaðarlaun.

Þetta er 98 sinnum meira en hinn almenni launþegi fær á mánuði. Að sögn IDS hefur launamunurinn aukist mikið enda voru forstjórnarnir með 39 sinnum hærri laun en almennir launþegar fyrir áratug.

Bónusgreiðslurnar eiga mestan þátt í hækkuninni. Í fyrra gátu bónusar forstjóranna tvöfaldað launin en nú nema þeir 130 prósentum. Hækkunin á síðastliðnum sex árum nemur hins vegar 102,2 prósentum hjá bresk-



MARTIN SORRELL Forstjóri breska auglýsingafyrirtækisins WPP hefur ástæðu til að brosa. Forstjórnin Sir Martin Sorrell er launahæsti forstjóri Bretlands með 17,1 milljón pund eða rúmlega 2,2 milljarða krónur í árslaun. MARKAÐURINN/AFP

um forstjórum. Laun almennra launþega hækkuðu hins vegar einungis um 28,6 prósent á sama tímabili. - jab

RÍKUSTU MENN KÍNA

Nafn	Ríkidæmi *
Hung Guyanguy	156
Xu Rongmao	143
Larry Rong Zhijian	136
Zhang Yin	102

* í milljörðum króna Heimild: Forbes Magazine

Kaupthing Liquidity Funds

ávöxtun í evrum 5,6%*
ávöxtun í dollurum 5,5%*

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða KB banka í ISK, USD og EUR

*Nafnávöxtun í EUR og USD á ársgrundvelli fyrir tímabilið 29/9/06 - 31/10/06.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslyðingu eða útdrætti úr útboðslyðingu sjóðsins í útbúum KB banka eða á www.kbbanki.is.





Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

- skráðu þig í Nám samhliða starfi

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

Mannauðsstjórnun hefst 31. jan.

Þriggja missera nám tilvalið fyrir þá sem vilja auka menntun sína án þess að láta tímabundið af störfum. Námið er ætlað þeim sem starfa á sviði starfsmannamála og vilja auka þekkingu sína á viðfangsefninu en nýtist einnig vel þeim sem huga að nýjum starfsvettvangi.

Rekstrar- og viðskiptanám hefst 22. jan.

Þriggja anna nám haldið í samvinnu við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Það er kjörið fyrir þá sem hafa hug á að ljúka námi í viðskiptafræðum en kjósa að taka hluta námsins samhliða starfi. Námið er metnaðarfullt og hagnýtt sem gerir þig að eftirsóttum starfskrafti.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember.

Samruni Kauphallarinnar við OMX styrkir íslensk fyrirtæki

Jukka Ruuska, forstjóri kauphallarsamstæðunnar OMX, segir samruna Kauphallar Íslands við OMX koma íslenskum fyrirtækjum til góða og efla þau ef eitthvað er. Ruuska segir í viðtali við Jón Aðalstein Bergsveinsson að allar áhyggjur séu ástæðulausar. Íslensk fyrirtæki eigi síður en svo á hættu að verða tekin yfir af erlendum aðilum, að hans mati.

Norræna kauphallarsamstæðan OMX, sem er með höfuðstöðvar í Stokkhólmi í Svíþjóð og rekur kauphallir í Stokkhólmi, Helsinki í Finnlandi, Kaupmannahöfn í Danmörku og í Eystrasaltsríkjunum, undirritaði viljayfirlýsingu um kaup á Eignarhaldsfélaginu Verðbréfabingi Íslands hf. 19. september síðastliðinn. Kaupverð nam 2,5 milljörðum króna auk þess sem greitt er sérstaklega fyrir handbært fé og verðbréf í eigu eignarhaldsfélagsins. Viðræðurnar höfðu staðið lengi yfir eða allt frá síðasta ári og virtist um tíma sem þær ætluðu ekki að skila neinu.

Eignarhaldsfélagið rekur Kauphöll Íslands sem um næstu áramót verður hluti af norrænu kauphallarsamstæðunni. Ætla má að með samrunanum verði stigið nýtt skref í sögu Kauphallar Íslands enda verður hún hluti af sjöundu stærstu kauphöll í Evrópu.

Samruni Kauphallar Íslands og OMX er einn þáttur af enn fleiri samrunaferlum kauphalla og verðbréfamarkaða víða um heim á síðastliðnum árum, ekki síst þessu ári sem hefur einkennst af talsverðum sviptingum. Kauphallir bæði vestan hafs, í Evrópu og í Asíu hafa aukið samstarf sitt með það fyrir augum að auka stærð sína, minnka fjármagnskostnað en síðast en ekki síst, auka samkeppnishæfnina á hörðum markaði. Baráttan um markaðina er hörð enda berjast tiltölulega fáar kauphallir um enn færri sneiðar af kauphallarkökunni.

Jukka Ruuska, forstjóri kauphallararms OMX Nordic Marketplaces (OMX), er staddur hér á landi en hann hélt framsögu um áhrif sameiningar Kauphallar Íslands og OMX á íslenska markaðinn ásamt Þórði Friðjónssyni, forstjóra Kauphallar Íslands, í málstofu í Háskólanum í Reykjavík í gær. Félag um fjárfestatengsl hélt málstofuna í samvinnu við Kauphöll Íslands og Háskólann í Reykjavík.



KAUPHÖLL ÍSLANDS Norræna OMX-kauphöllin keypti Kauphöll Íslands í síðasta mánuði fyrir 2,5 milljarða króna. Kauphöll Íslands verður hluti af OMX-samstæðunni, sem rekur kauphallir á Norðurlöndunum að Noregi undanskildu og í Eystrasaltsríkjunum, um næstu áramót.

MARKAÐUR KAUPHALLARINNAR STÆKKAR Ruuska segir kauphallir víða um heim horfa til sameiningar með það fyrir augum að styrkja stöðu sína og samkeppnishæfni í alþjóðasamfélaginu. Menn horfa einkum til tveggja atriða með sameiningu kauphalla. Í fyrsta lagi lækka fjármagns- og þjónustugjöld bæði hjá kauphöllunum sjálfum og ekki síst hjá fyrirtækjunum sem þar eru skráð. Í öðru lagi batnar greiðsluhæfi og greiðslugeta stórra kauphalla á borð við OMX. Íslensk fyrirtæki ættu því að horfa björtum augum á samruna Kauphallar Íslands við OMX, að mati Ruuska, sem bætir við að sé tekið mið af markaðsvirði Kauphallar Íslands sé hún sambærileg við kauphallir í Prag í Tékklandi og í Búdapest. Þegar samruninn gengur í gegn um áramótin verður hún hins vegar enn stærri.

„Með samruna Kauphallar Íslands við markaði í Stokkhólmi, Kaupmannahöfn, Helsinki og í Eystrasaltslöndunum verður til mjög stórt markaðssvæði,“ segir hann og bendir á að OMX samstæðan sé sjöunda stærsta kauphöllin í Evrópu og fimmta stærsta fyrirtæki álfunnar. Þar að auki sé OMX þriðja stærsta kauphöllin hvað snýr að raf-rænum viðskiptum og stærsti markaður álfunnar sem sinnir fyrirtækjum á sviði upplýsingatækni.

Kauphöllin í Osló í Noregi hefur fram til þessa verið eina kauphöllin á Norðurlöndum sem heyrir ekki undir samstæðu OMX. Kauphöll Íslands keypti hins vegar 0,3 prósent hlut í norsku kauphöllinni í janúar síðastliðnum og fylgir eignarhluturinn með í kaupum OMX. Þá keypti OMX aukin heldur 10 prósent hlut í kauphöllinni í Osló í síðasta mánuði. Ruuska sagði OMX líta á kaupin sem góðan fjárfestingakost og horfi hann til þess að OMX og kauphöllin í Noregi vinni náið saman í framtíðinni. Hvað nákvæmlega felist í þessari auknu samvinnu sagði Ruuska hins vegar lítið.



JUKKA RUUSKA Forstjóri OMX-kauphallarinnar segir norræna fjárfesta horfa til fyrirtækja sem skráð eru á Norðurlöndunum en það þýðir að fjárfestingar aukast í fyrirtækjum þar.

MÖGULEIKAR FYRIR ÍSLENSK FYRIRTÆKI Ruuska segir mikinn vöxt einkenna íslensk fyrirtæki, ekki síst utan landsteina. Sérstaklega sé þetta eftirtektarvert hvað íslensku bankana snerti en þeir hafi gert Norðurlöndin að heimamarkaði sínum, að sögn Ruuska sem enn fremur bendir á að með sameiningu Kauphallarinnar við OMX verði íslensk fyrirtæki sýnilegri á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum auk þess sem landnám þeirra í útrás verði auðveldara þar sem fjármagnskostnaður verður lægri en ella.

Sömu sögu er að segja af útrás fyrir-tækja sem skráð eru í kauphöllina til annarra Evrópulanda utan Norðurlandanna. OMX sé með stærstu kauphöllum heims og því verði þau fyrirtæki sem skráð eru í kauphallarsamstæðuna sýnilegri úti í hinum stóra heimi en ef þau væru einungis skráð í kauphöllina hér á landi. Með samrunanum opnast íslenskum fyrirtækjum því talsvert meiri möguleikar á alþjóðavísu en áður, að mati Ruuska, sem bætir við að með sýnileikanum opnast íslenskum fyrirtækjum auk þess nýjar gáttir að auknu fjármagni.

En möguleikarnir opnast ekki aðeins fyrir fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöll Íslands því fjárfestar fá sömuleiðis aukin tækifæri til að ávaxta pund sitt. „Norræna kauphöllin veitir fjárfestum marga möguleika. Þeir munu eiga auðveldara með að fylgjast með strauum á norræna markaðnum og geta valið úr fleiri fyrirtækjum sem skráð eru á markaðnum,“ segir hann.

NORRÆNIR FJÁRFESTAR Á HEIMAMARKAÐI Sumir óttast þennan sýnileika íslenskra fyrirtækja á erlendum vettvangi. Gæti jafnvel farið svo að með samruna Kauphallar Íslands og OMX verði íslensk fyrirtæki það sýnileg að þau gætu orðið erlendum yfirtökufjárfestum að bráð?

Jukka Ruuska segir svo ekki vera. Þvert á móti skili stór markaður á borð við OMX sér í lægri kostnaði fyrir skráð fyrirtæki og minna álagi sem hafi í för með sér að fyrirtækin styrkist fyrir vikið. „Svo horfa æ fleiri fjárfestar á Norðurlöndunum til fyrirtækja sem skráð eru í OMX. Það þýðir að fjárfestingar aukast í fyrirtækjum sem skráð eru á Norðurlöndunum,“ segir Ruuska.

UPPLÝSINGAR UM OMX

Forstjóri:	Jukka Ruuska
Höfuðstöðvar:	Stokkhólmi, Svíþjóð
Markaðsvirði skráðra fyrirtækja:	66.000 milljarðar kr.
Stærð:	7. stærsta kauphöll í heimi.
Rekur kauphallir í:	Stokkhólmi, Helsinki, Kaupmannahöfn og Eystrasaltsríkjunum.

YFIRTÖKUTILRAUNIR OG SAMRUNAR KAUPHALLA Á ÁRINU 2006

JAN.	FEB.	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁGÚST	SEPT.	OKT.	NÓV.	DES.
		11.04. Nasdaq gerir yfirtökutilboð í LSE í þriðja sinn. Nasdaq kaupir 25 prósent í LSE.		22.05. Kauphöllin í New York í Bandaríkjunum (NYSE) gerir 8 milljarða evra, eða 695 milljarða króna, yfirtökutilboð í Euronext.				19.09. OMX kaupir Kauphöll Íslands fyrir 2,5 milljarða króna.	13.10. Kauphallir á Ítalíu (Borsa Italiana) og í Frankfurt í Þýskalandi (Deutsche Börse) gera samkomulag um yfirtökutilboð í Euronext.		
	Nasdaq gerir yfirtökutilboð í annað sinn í Kauphöll Lundúna í Bretlandi (LSE). Boðið hjóðar upp á jafnvirði 311 milljarða íslenskra króna. LSE felldi tilboðið.		23.05. Kauphöllin í Frankfurt í Þýskalandi býður 8,6 milljarða evrur, eða 747 milljarða íslenskra króna, í Euronext.		01.06. NYSE og Euronext lýsa yfir að samrunaferli sé hafið. Sameinað fyrirtæki heitir NYSE Euronext. Búist við að samruni gangi í gildi í lok næsta árs. Horft er til þess að Borsa Italiana, kauphöllin í Ítalíu, taki þátt í samrunanum.			06.10. OMX kaupir 10 prósent hlut í Kauphöllinni í Osló í Noregi.		06.11. Kauphöllin í Tókýó í Japan og Kauphöll Lundúna í Bretlandi (LSE) ræða um skráningu fyrirtækja í báðum kauphöllum.	

KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR TILBÚIN!

5
NÝ RÖDD Á ÞING
sæti

Prófkjör Samfylkingarinnar
í Reykjavík 11. nóvember 2006



Við viljum nýja rödd á þing



Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi
Sigurstranglegur listi þarf að vera góð blanda af endurnýjun og viðtækri reynslu. Kristrún hefur verðmæta reynslu úr atvinnulífinu og væri í mínum huga framúrskarandi dæmi um sigurstranglega endurnýjun.



Ari Skúlason, gjaldkeri Samfylkingarinnar
Ég styð Kristrúna Heimisdóttur í prófkjöri Samfylkingarinnar vegna þess að ég tel að hún búi yfir viðtækri þekkingu og reynslu sem sé mikilægt að fá inn á Alþingi. Kristrún hefur þannig reynslu úr íþróttalífinu, frá starfi samtaka á vinnumarkaði, úr jafnréttisbaráttunni og víðar.



Hlín Agnarsdóttir, leikstjóri
Kristrún er ein af þessum ungu og greindu stjórnmalakonum sem verða að komast á þing. Ég hef bæði kynnst henni sem öflugri baráttukonu jafnréttis og talsmanni íslensks menningarlífs.



Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ
Ég hef kynnst Kristrúna bæði innan Samfylkingarinnar og vegna tengsla hennar við vinnumarkaðinn. Þekking hennar, yfirsýn og hugsjónir eiga fullt erindi á Alþingi. Því styð ég Kristrúna í 5. sæti sem nýjan öflugan talsmann okkar á þingi.



Anna María Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Laugar Spa
Kristrún gjörþekkir rekstrarskilyrði fyrirtækja, hún þekkir iðnaðinn, ég hef unnið með henni og vil hennar rödd á þing.



Guðlaug Jónsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu
Kristrún er öflugur leiðtogi innan vallar sem utan. Hún er áreiðanleg, traust og með sterka réttlætiskennnd. Áfram Kristrún!



Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og fv. forseti Alþingis

Það væri verulegur fengur að Kristrúna Heimisdóttur á Alþingi. Hún yrði tvímælaust fulltrúi fólksins í landinu og ynni því af alúð.



Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður Samtökum Iðnaðarins

Ég þekki Kristrúna sem frábæran vinnufélaga. Hún er skarpgreind, dugleg og réttisýn kona sem ég treysti 100% til allra góðra verka.



Aðalsteinn Leifsson, lektor

Ég styð Kristrúna vegna þess að hún hefur hæfileika, þekkingu og kraft til að vinna að samfélagi þar sem sterkt og opið efnahagslíf styður jöfn tækifæri og réttlátt öryggisnet.



Oddný Sturludóttir, varaborgarfulltrúi

Ég hef sjaldan kynnst manneskju með jafn skýra hugsun í pólitík og Kristrún. Jafnaðarstefnan leikur í höndum hennar. Kristrún getur hrist upp í atvinnu-, velferðar- og hagstjórnastefnu landsins. Ég hef tröllatrú á henni.



Svanfríður Jónsdóttir, bæjarstjóri

Kristrún er ein öflugasta kona sem ég hef unnið með í pólitík. Henni treysti ég fyrir þeim málum sem mér finnast skipta mestu um þróun íslensks samfélags. Hún er jafnaðarmaður með skýra framtíðarsýn. Áfram Kristrún!



Jón Ólafsson, heimspekingur

Ég styð Kristrúna vegna þess að ég held að fólk sem hefur hugsjónir og virðist skilja hvað þær þýða eigi að vera í pólitík.

Lesið www.kristrun.is
pistill á hverjum degi



Prófkjórið í Reykjavík er opið stuðningsfólki.
Þú þarft ekki að vera í floknum til að kjósa!

Hin skapandi fjórða stoð

Fræðimenn boða byltingu í atvinnuháttum og vilja bæta fjórðu stoðinni við það sem verið hefur Frumframleiðsla, iðnaður, þjónusta og – skapandi atvinnuvegir. Hverju þarf að breyta til þess að á við byltinguna? *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hlýddi á orð þeirra **Ágústs Einarssonar** prófessors doktorsnema og kennara við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn.

„Nú eru að koma fram glænýir atvinnuvegir í stað annarra, alveg eins eins og þegar iðnaðurinn ruddi hluta af frumframleiðslunni úr vegi og alveg eins og þegar þjónusta ýtti öðrum atvinnuvegum til hliðar á 20. öldinni. Í þessari nýju atvinnuháttabyltingu er það skapandi hugsun sem skiptir öllu máli.“

Bylting í atvinnuháttum er að eiga sér stað um þessar mundir, ekki minni en sú bylting sem varð við hagnýtingu gufuafslisins á seinni hluta átjándu aldar sem gjörbreytti sögu mannsins. Þetta sagði Ágúst Einarsson prófessor á málstofu sem hann, ásamt Margrétu Sigrúnu Sigurðardóttur, kennara og doktorsnema við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, stóðu fyrir í Háskóla Íslands á dögnum. Þar veltu þau upp þeirri spurningu með hvaða hætti við Íslendingar komumst til draumalandsins fyrirheitna.

„Hagkerfinu hefur undanfarin 250 ár verið skipt upp í þrjú hluta: frumframleiðsla, iðnaður og þjónusta. Núna er rætt um að við eigum að bæta við fjórðu stoð hagkerfisins – skapandi atvinnuvegi,“ segir Ágúst og bætir við að nú þegar hafi bylting orðið í atvinnuháttum hér á landi enda megi nú rekja fjórðung af störfum á vinnumarkaði hérlendis til skapandi atvinnuvega. „Nú eru að koma fram glænýir atvinnuvegir í stað annarra, alveg eins eins og þegar iðnaðurinn ruddi hluta af frumframleiðslunni úr vegi og alveg eins og þegar þjónusta ýtti öðrum atvinnuvegum til hliðar á 20. öldinni. Í þessari nýju atvinnuháttabyltingu er það skapandi hugsun sem skiptir öllu máli.“

TÓNLISTIN NÁLGAST LANDBÚNAÐINN

Fyrir 25 árum var hlutdeild landbúnaðar til landsframleiðslunnar tæp fimm prósent en er nú 1,4 prósent. Það er ekki nema örlítið meira en framlag tónlistarinnar sem er eitt prósent af landsframleiðslunni. Tónlistin er því farin að slaga hátt upp í landbúnaðinn. Árið 1980 var einn aðalatvinnuvegurinn hér á landi sjávarútvegur og stóð undir 16 prósentum af landsframleiðslu en er nú kominn niður í 6,8 prósent. Á sama tíma fer hlutdeild menningar hratt vaxandi og er hún nú komin með rúmlega fjögurra prósentu framlag til landsframleiðslunnar.

Ágúst telur að samfara þessum breytingum sé nauðsynlegt að auka umræðu um listir, menningu og hið skapandi í menntakerfinu, til þess að ungt fólk hafi betri þekkingu á þessum breytingum sem eiga sér stað og ekki síst til undirbúnings fyrir alla þá

sem eiga eftir að starfa sem atvinnumenn í þessum greinum.

DRÖGIN LÖGÐ AÐ VEXTI ÞESS SKAPANDI

Hvað er hægt að gera af hálfu hins opinbera til að auka veg skapandi atvinnugreina í þessu breytingaskeiði? Þessu hefur hópur ungra norræna vísindamanna við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn reynt að svara og sett fram niðurstöður sínar í skýrslu sem unnin var fyrir Norræna iðnaðarsjóðinn. Voru þar meðal annars lögð drög að áhersluatriðum af hálfu hins opinbera til að styðja við vöxt skapandi atvinnugreina á Norðurlöndunum. Margrét Sigrún Sigurðardóttir, sem í senn kennir í grunnnámi í Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn og stundar þar sjálf doktorsnám, er einn höfundar skýrslunnar og

GÍSLI ÖRN GARBÁRSSON Í HAMSKIPTUNUM

Leikhópurinn Vesturport setti nýlega upp sýninguna Hamskipti eftir Franz Kafka í Lyric-Hammersmith-leikhúsinu í London.



ÁGÚST EINARSSON OG MARGRÉT SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR



FJÓRAR GÓÐAR HUGMYNDIR

LATIBÆR

Hugarfóstur Magnúsar Scheving er í dag orðið alþjóðlegur sjónvarpsþáttur sem sýndur er í 103 löndum víðs vegar um heim á um 20 til 30 sjónvarpsstöðvum. Þættirnir eru unnir frá á til ö í 5.000 fermetra myndveru í Garðabænum, þar sem á bilinu 130 til 140 starfmenn vinna að gerð þáttanna. Þar af eru tuttugu prósent erlendir sérfræðingar sem búa yfir sérþekkingu sem ekki fyrirfinnst á Íslandi. Þættirnir voru fyrir skemmstu tilnefndir til hinna virtu BAFTA-verðlauna.



VESTURPORT

Leikhópurinn, sem settur var á fót árið 2001, þykir afar framsækinn og hefur unnið hvern stórsigurinn á fætur öðrum. Nýlega lauk sýningum hópsins á Hamskiptunum eftir Franz Kafka í Lyric-Hammersmith-leikhúsinu í London og eru fyrirhugaðar sýningar víðs vegar um Evrópu með hópnum á Hamskiptunum, Rómeó og Júlíu og Woyzeck. Hópurinn hefur að auki meðal annars fengið boð um að setja upp sýningar í Nýja-Sjálandi og Asíu.



ONLINE

Tölvuleikurinn Eve Online, sem gerist í risastórum leikjaheimi úti í geimnum og margir spila saman á netinu, er framleiddur af íslenska fyrirtækinu CCP. Leikurinn hefur notið gríðarlegra vinsælda hjá tölvuleikjaáhugamönnum um allan heim. CCP opnaði skrifstofu Kína nú í ár til að styðja við aukna starfsemi þar. Starfsmenn fyrirtækisins eru 144 á Íslandi, í Kína, Þýskalandi og Bandaríkjunum.

EVE™
ONLINE

hagkerfisins

Þrískipting hagkerfisins undanfarin 250 ár:
 Þó Íslendingar verði vel í stakk búnir til að takast
 að sors og **Margrétar Sigrúnar Sigurðardóttur,**

kynnti niðurstöður hennar á málstofunni.

Í skýrslu hópsins er notast við þá skilgreiningu að skapandi atvinnugreinar séu þær sem byggist beint á listrænum afurðum eða þjónustu. Má þar nefna myndlist, bókmenntir, skáldskap og tónlist. Þegar Ágúst vísar til skapandi atvinnugreina er hugtakið enn víðara og felur það að auki framantalinnna atriða líka í sér rannsóknir vísindamanna, skapandi stjórnendastörf, upplifunar- og affreyngingariðnað, hugbúnaðargerð og fleira sem krefst skapandi hugsunar en er ekki endilega af listrænum meiði.

EKKI SPURNING UM OPINBERA STYRKI

Þó að skapandi atvinnugreinar byggist á listrænum grunni snúast tillögur hópsins ekki um opinbera styrki heldur hvernig megi hámarka framlag þeirra til hagkerfisins. Með því að fjalla um skapandi atvinnugreinar sem fullgildar atvinnugreinar hefur hins vegar sú spurning vaknað hvort hið opinbera geti ekki notast við svipaðan stuðning við skapandi atvinnugreinar og við aðrar atvinnugreinar. „Í sumum tilfellum er það hægt, það er ýmislegt í stuðningskerfinu á Norðurlöndunum, til dæmis við uppfinningamenn eða frumkvöðla, sem á mjög vel við fólk sem er að stofna fyrirtæki innan þessara atvinnugreina. Hins vegar fókusa skapandi atvinnugreinar á óáþreifanlegan hlut, sem getur verið erfitt að skilgreina. Þar að auki er umhverfi þessara atvinnugreina nú að breytast hratt, svo við teljum að það sé ekki í öllum tilfellum hægt að meðhöndla þær á sama hátt og aðrar atvinnugreinar.“

ÞRJÁR LEIÐIR SEM PARF AÐ FETA

Hópurinn tilgreindi þrjár meginleiðir sem nota mætti fyrir hvert af fimm skilgreindum megin sviðum þar sem þörf væri á aðgerðum. Af leiðunum þremur nefnir Margrét fyrst að viðhorfsbreyting þurfi að eiga sér stað. „Skapandi atvinnugreinar þurfa að verða teknar sem alvöru atvinnugreinar, ekki bara af hálfu opinberra aðila heldur þurfa þær sjálfar að taka sig alvarlega.“ Í öðru lagi er lögð áhersla á reglugerðir. Nærtækasta dæmið, sem vel þykir hafa tekist til með, er tólf prósentu endurgreiðsla framleiðslukostnaðar í kvikmyndaframleiðslu á Íslandi sem hefur stóraukið erlenda kvikmyndagerð á Íslandi. Þriðja atriðið er svo að auka átaksaðgerðir eða sértæk tímabundin verkefni. Samstarf Útflutningsráðs og tónlistariðnaðarins með þátttöku í Midem-tónlistarkaupstefnunni undanfarin þrjú ár er dæmi um samstarf sem þykir hafa skilað mælanlegum árangri.

AÐGERÐIR NAUÐSYNLEGAR Á FIMM SVIÐUM

Það fyrsta af fimm sviðum sem hópurinn taldi að þörf væri á aðgerðum á er þekking og nýsköpun innan skapandi atvinnugreina. Hópurinn taldi jafnframt nauðsynlegt að auka samstarf, annars vegar milli skapandi atvinnugreina og hins vegar milli þeirra og annarra atvinnugreina. „Þegar tölvuleikur er búinn til tengjast til að mynda nokkrar skapandi atvinnugreinar. Við teljum möguleika fólga í því að tengja betur þekkingu atvinnuveganna á milli og milli þeirra og hefðbundinna atvinnugreina.“ Þá þykir hópunum stuðning skorta við að hasla sér völl á erlendum mörkuðum þar sem kostnaður við að ná til heimsins sé gífurlegur og töluverða stærðarhagkvæmni þurfi í þeirri dreifingu. Telja þau meðal annars að hægt sé að ná henni fram með því að byggja á norrænu viddinni. Í síðasta lagi nefna þau að hvetja þurfi til fjárfestinga í skapandi atvinnugreinum.



FRÁ TÓNLISTARRÁÐSTEFNUNNI MIDEM Í CANNES Undanfarin þrjú ár hefur Samtónn, samstarfsvettvangur tónrétthafa á Íslandi, í samstarfi við Útflutningsráð, staðið fyrir þátttöku íslenskra tónlistarmanna í einni stærstu tónlistarráðstefnu heims.

Nýr vettvangur á teikniborðinu

Íslensk tónlist hefur á undanförunum árum hlotið vaxandi hljómgrunn, bæði hér heima og í útlöndum. Þrátt fyrir að ýmsir hafi gert það gott í útlöndum eru þeir fleiri sem hafa ekki náð lengra en að stíga fyrstu skrefin á erlendum markaði sökum þess að baklandið hefur skort þegar á móti hefur blásið.

Ef áætlanir ganga eftir mun á næstu misserum verða settur á fót nýr tónlistarvettvangur sem ef til vill verður til þess að fækka þessum tilfellum. Er honum ætlað að annast kynningarstarf á íslenskri tónlist á breiðari grundvelli en hingað til hefur verið gert. Þessu stendur Samtónn, samstarfsvettvangur tónrétthafa á Íslandi, fyrir og verður reynt að fá fleiri aðila að því samstarfsverkefni.

Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtóns, segir þetta bráðnaúsynlegt skref fyrir íslenska tónlistariðnaðinn. „Kynningarstarf, sérstaklega á þessum stærri mörkuðum eins og í Norður-Ameríku og Austur-Asíu, þar sem framtíðarmarkaðirnir eru, er afskaplega dýrt. Þar að kemur þetta til með að greiða fyrir norrænu samstarfi, sem við teljum afar mikilvægt.“

Samtónn hefur undanfarin þrjú ár staðið fyrir þátttöku íslenskra tónlistarmanna í tónlistarráðstefnunni Midem í Cannes í Frakklandi í samvinnu við Útflutningsráð. Er sú ráðstefna sú stærsta sinnar tegundar í tengslum við markaðsbyggingu á tónlist en þangað koma saman um 10 þúsund einstaklingar eða fyrirtæki frá meira en hundrað löndum. Það samstarf hefur þótt takast mjög vel og opnað ýmsa möguleika fyrir íslenska tónlistarmenn, ekki síst þá er smærri eru.

Fleira hefur verið gert fyrir íslenska tónlist á undanförunum árum. Til að mynda eru veittir styrkir úr

„Við höfum líka rekið okkur á það aftur og aftur að samskipti milli hönnuða og hefðbundinna fyrirtækja gengur stundum brösulega. Það ríkir ákveðið viðhorfs-ójafnvægi milli atvinnulífsins og síðan listamannanna sem koma að greininni og gera hana skapandi. Þetta þyrfti að breytast.“

Tónlistarsjóði til kynningar og markaðssetningar á tónlistarmönnum hér á landi og erlendis. Loftbrúin, samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Icelandair, FÍH og STEFs, hefur þar að auki styrkt tónlistarmenn til að ferðast milli landa og koma sér þannig á framfæri í útlöndum. Gunnar segir allt framangreint hafa markað brautina. Þó þurfi að ganga enn lengra til að ná frekari árangri, sem sé einmitt markmiðið með stofnun skrifstofunnar. Hvort sem það er opinberum stuðningi að þakka eða ekki skilar íslensk tónlist nú orðið umtalsverðu framlagi til landsframléiðslunnar, eða um einu prósentu. Hún er því að komast nálægt hlutdeild landbúnaðarins sem stendur fyrir 1,4 prósentum af henni.



SKAPANDI ATVINNA
 Umfang menningar í atvinnulífinu fer ört vaxandi og stendur hún nú undir um fjórum prósentum af landsframléiðslu.



ICELAND AIRWAVES

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves var fyrst haldin árið 1999 með það fyrir augum að kynna íslenska tónlist. Það árið komu fjórar hljómsveitir fram á hátíðinni. Síðan hefur hún stækkað jafnt og þétt og er nú fimm daga tónlistarsprengja. Í ár komu fram á hátíðinni um 180 tónlistarmenn, plötusnúðar og hljómsveitir alls staðar að úr heiminum. Allt að fimm þúsund tónlistarmenn hafa sótt hátíðina, frá Íslandi og útlöndum.



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Næstu skref í þroskaferli markaðarins eru aukin erlend fjárfesting.

Rökrétt skref Kaupþings

Hafliði Helgason

Ákvörðun Kaupþings um að bjóða út nýtt hlutfé til erlendra stofnanafjórfa lét kannski ekki mikið yfir sér, en telst tvímælaust til tíðinda. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið ævintýralegur og takmörk fyrir því hvað innlendir aðilar geta lengi staðið á bak við framtíðarvöxt banks.

Kaupþing er ekki eina dæmið um slík lúxusvandamál. Vöxtur margra fyrirtækja hefur verið með þeim hætti að það eru ekki möguleikar á alþjóðamörkuðum sem eru hindrun frekari vaxtar, heldur skortur á nægjanlega öfluglu baklandi. Það vill stundum gleymast að hlutfé er áhættufé sem er forsenda þess að önnur fjármögnun fái st. Hlutfé er því ekki eins og stundum virðist mega skilja af samfélagsmæðunni, einhvers konar lottómiði hinna ríku og gráðugu.

Erlend fjárfesting í íslensku hagkerfi er alltof lítil og sú litla fjárfesting sem kemur inn í landið er sprottin af stórum opinberum framkvæmdum. Slíkt er ekki heppilegt. Það eru margar hindranir á þeirri leið að erlendir fjárfestar setji pening í íslenskt atvinnulíf. Augljósasta hindrunin er áhættan af gjaldmiðlinum, svo og stærð fyrirtækjanna og lítil markaður sem ekki svarar kostnaði að taka til gaumgæfilegrar skoðunar.

Nokkrum fyrirtækjum hefur tekist með markvissum hætti að kynna starfsemi sína þannig að erlendir fjárfestar hafa ákveðið að setja fé í uppbyggingu þeirra. Skýrasta dæmið af slíku er Össur þar sem markviss kynning skiladi sér í fjárfestingu tveggja öflugra norrænna sjóða í félaginu. Margt bendir til að sambærileg vinna Kaupþings síðustu misseri muni skila sér á næstu mánuðum.

Sameining Kauphallarinnar við OMX opnar nýjar dyr í þessum efnunum. Fleira þarf að vera í lagi. Það þarf að ríkja traust á því að hér verði ekki kvikað frá því að hafa viðskiptaumhverfi og löggjöf í svipuðu formi og tíðkast í frjálslýndum lýðræðisríkjum.

Nokkuð hefur borið á því að undanförunu að stjórnmalamenn tali gegn þeim árangri sem náðst hefur í uppbyggingu fyrirtækja sem hafa vaxið úr smáum innlendum fyrirtækjum í millistór alþjóðleg fyrirtæki. Þeir sem svo tala gera það í nafni sérörar réttlætiskennar þar sem misskipting og ójöfnuður eru lykilorðin. Þorsteinn Gylfason heitinn, heimspeki- og talaði einhvern tímann um snilligáfu á villigötum. Skilgreiningin átti við greinda og velmeinand fræðimenn sem festust í einhvers konar kenninglegri þráhyggju.

Málflutningur sem gengur út á að lausn vandamála sé að hrekja burt þá sem náð hafa bestum árangri er á svipuðum slóðum og mætti kalla réttlætiskenn á villigötum. Semsé að ærleg tilfinning sé föst í þráhyggju sem tekur ekkert mið af raunveruleikanum. Verkefnið er miklu fremur að tryggja að tekju- og eignabil í samfélaginu rýri ekki aðgang að tækifærum til að þroska hæfileika fólks og hamingjuleit. Það að losa sig við hina ríku má jafna til heilbrigðisátaks þar sem lausn er að flytja þá veiku úr landi. Vill einhver heilbrigða þjóð á slíkum forsendum?

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is

KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.



capacent
RÁÐNINGAR

Borgartún 27 Sími 540 1000

Er öll verðbólga slæm?

ORÐ Í BELG

Björn R. Guðmundsson
sérfræðingur
á greiningardeild
Landsbanka Íslands.



Baráttan við verðbólgu hefur verið í brennidepli upp á síðkastið af skiljanlegum ástæðum. Seðlabankanum hefur gengið brösuglega við að ná markmiði sínu um 2,5% verðbólgu, sérstaklega eftir að gengi krónunnar gaf eftir fyrir á þessu ári. Þetta leiðir hugann að því hvað sé átt við með hugtakinu verðbólga og í framhaldi af því hverju er réttlætlanlegt að kosta til til að draga úr henni.

VERÐBÓLGA = BREYTING Á VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS

Notkun á orðum og hugtökum getur á stundum orkað tvímælis og ég hygg að þetta eigi að sumu leyti við um notkun á hugtakinu verðbólga eins og það er almennt notað í efnahagsmæðunni. Skilgreining á markmiði Seðlabankans um stöðugt verðlag er miðuð við hækkun á vísitölu neysluverðs eins og hún er reiknuð út af Hagstofunni. Þessi skilgreining er raun og veru fremur þröng þar sem hún miðast einungis við verðbreytingar á meðaltals neyslukörfu vísitölu fjölskyldunnar.

Víðtækari skilgreining á verðbólgu væri t.d. að miða við verðvísitölu landsframleiðslunnar sem tekur tillit til verðbreytinga á samneyslu, fjárfestingu og utanríkisviðskiptum til viðbótar við breytingar á verðlagi einkaneyslunnar. Annað sem kemur upp í hugann í þessu sambandi er þróun eignaverðs og að hve miklu leyti verðbólguhugtakið á að taka tillit til breytinga á því. Engin ein rétt regla er til í þeim efnunum og breytilegt milli landa með hvaða hætti t.d. húsnæðisverð er tekið með í verðmælingum.

ÖLL VERÐBÓLGA ER SLÆM

Eins og hlutverk Seðlabankans er yfirleitt skilgreint er ekki gerður greinarmunur á því hvort verðbólga yfir skilgreindu markmiði stafar af því hvort hagkerfið hefur orðið fyrir framboðs- eða eftirspurnaráfalli eða hvort slíkt áfall er líklegt til þess að vera varanlegt eða ekki. Seðlabankanum er einfaldlega uppálagt að leggja til atlögu við verðbólguhrauginn óháð því úr hvaða fylgnum hann kemur.

Auðvelt er að ímynda sér aðstæður þar sem alls ekki er réttlætlanlegt að bregðast hart við verðbólgu. Ef til að mynda gengi krónunnar fellur í kjölfar mikils aflabrests eða mikillar lækkunar fiskverðs á erlendum mörkuðum má ganga út frá því sem

vísu að verðbólga myndi fylgja í kjölfarið. Sé hér um varanlega breytingu að ræða liggur fyrir að hagkerfið hefur orðið fyrir varanlegu tekjutapi. Verðbólgan sem leiðir af gengisbreytingunni er því „góð“ verðbólga og nauðsynlegur hluti af aðlögun að nýju jafnvægi.

Svipað má í rauninni segja um breytinguna á hækkun fasteignaverðs sem orðið hefur hér á landi á síðustu misserum. Að svo miklu leyti sem breytingin endurspeglar uppstokkun á fasteignamarkaði vegna aukinnar samkeppni á fjármálamarkaði, er líklegt að varanleg breyting á fasteignaverði hafi átt sér stað. Sú „verðbólga“ sem fylgdi í kjölfarið og Seðlabankinn hefur lagt mikið á sig til að berjast gegn er því að verulegu leyti varanleg breyting á hlutfallslegu verðlagi og því á engan hátt slæm í hagfræðilegum skilningi.

SVEIGJU ER ÞÖRF

Svo notuð sé samliking úr næringarfræðinni¹⁾ þá var einu sinni talið að allt kólesteról væri heilsuspillandi. Nú er hins vegar gerður greinarmunur á góðu og slæmu kólesteróli. Það sem öllu skiptir er að draga úr magni slæma kólesterólsins en leyfa því góða að sinna sínu hlutverki.

Sama gildir um verðlagsbreytingar. Að svo miklu leyti sem slíkar breytingar eru hluti af eðlilegri virkni efnahagslífsins eiga þær fullan rétt á sér. Stefnan í peningamálu verður að vera nægjanlega sveigjanleg til þess að taka þetta með í reikninginn.

¹⁾ Samliking fengin að láni frá D.M. Eagle, D.L. Domain, Sounding the Alarm of Inflation Indexing and Strict Inflation Targeting, 2003



UM VÍÐA VERÖLD

Staðalímyndir eru varasamar

Ein helstu mistök spyrjenda við atvinnuviðtöl eru að búa til staðalímyndir um umsækjendur, á ensku kallað *stereotypes*. Það þýðir að aðili hefur fyrirfram mótaðar hugmyndir um ýmsa hópa fólks og m.a. hlutverk kvenna og karla. Konur voru hér áður hópur í samfélaginu sem varð mjög illa fyrir barðinu af slíkum staðalímyndum á vinnu- markaði.

Í bókinni *Readings in Personnel Management* frá árinu 1979 er að finna dæmi um staðalímyndir um konur. Þar er m.a. gefið til kynna að konur vinni aðeins fyrir vasapeningum og hætti gjarnan störfum þegar þær gifti sig. Þær taki í raun störf frá karlmönnum og séu

oftar frá vinnu vegna veikinda en karlar. Þá er talað um að konur séu of tilfinningasamar til þess að verða yfirmenn annarra. Nú vitum við betur og ekkert af ofangreindum hugmyndum um konur á vinnu- markaði eiga sér stöð í veruleikanum.

Í fagtímaritinu *Equal Opportunities International* er tekið dæmi af karlmönnum sem mennta sig sem hjúkrunarfræðingar og viðhorf fólks til þeirra er rannsakað. Þar kemur fram að bæði karlar og konur líta neikvæðari augum á karlmenn sem hjúkrunarfræðinga en konur í sömu stöðu og þeir verða oft fyrir fordómum. Þar kemur einnig fram að rannsóknir sýni að karlmenn á kvenmörkuðum vinnustöðum fái oft sérstaka meðferð og séu ósjálfrátt settir á hærra stöðu meðal kvenanna. Hins vegar verði þeir oft fyrir fordómum utan frá vegna vinnu sinnar. Í tímaritinu er að auki

vitnað í aðrar rannsóknir sem sýna að karlmenn á kvenmörkuðum vinnustöðum sem stjórnað er af konum geti verið í meiri hættu á að beita heimilisofbeldi. Þannig er útskýrt að þeir reyni að bæta fyrir þá bælingu valds sem þeir verða fyrir í vinnu með útrás heima fyrir.

Hvers kyns fordómar og staðalímyndir hafa þau áhrif að auðveldlega er gengið fram hjá frambærilegum og hæfum umsækjendum. Vinnustaðir með hóp af ólíkum einstaklingum af báðum kynjum nýtir mannauð sinn vel og sá vinnustaður missir síður af tækifærum til að nýta kjarna- færni starfsmanna sinna.

Sif Sigfúsdóttir,
MA í mannauðs-
stjórnun.



ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Árnannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBREYF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

Slysavarnir um borð í skipum

Öll slys, hvort sem þau verða á sjó eða landi, hafa óhákvæmilega í för með sér fjárhagslegt tap. Þetta tap einskorðast ekki við hinn slasaða eða hans nánustu. Slysléiða til þjóðfélagslegs taps. Vinnuslys eru auk umferðarslysa þau slys þar sem afleiðingarnar eru mestar og alvarlegastar og því mikilvægt að allir ábyrgir aðilar láti sig málið varða. Vátryggingafélögin leika þar stórt hlutverk. Þeirra er að bæta fjárhagslega tjónið að því marki sem hægt er og einnig að veita eftir fremsta megni ráðgjöf í forvarnarmálum.

Sjóvá hefur ávallt verið framfarlega í baráttunni við slysin og hafa starfsmenn félagsins unnið að ráðgjöf til viðskiptavina til að auka öryggi á vinnustöðum og í umferðinni með það í huga að fækka slysum og draga úr afleiðingum þeirra.

Öryggi á vinnustöðum má ná með skipulögðum slysavörnum og fræðslu um ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys. Aldrei hefur verið unnið markvissar að þessum málum en nú um stundir.

Forvarnahúsið sem Sjóvá opnaði fyrr á árinu og er samstarfsverkefni félagsins og nokkurra annarra fyrirtækja gegnir þar viðamiklu hlutverki. Þarna er kominn vettvangur til að miðla af reynslu og þekkingu.

Forvarnir byggja í höfuðatriðum á fræðslu og síðan upprifjun með reglulegu millibili.

Eðlilega eiga allir að láta sig forvarnir varða.

Þegar fjallað er um forvarnir

er rétt benda á starfsemi Slysavarnaskóla sjómanna sem hefur unnið frábært starf við fræðslu um öryggismál sjómanna. Með markvissri fræðslu, þjálfun og notkun öryggisbúnaðar um borð í skipum hefur með skipulögðum hætti verið unnið að fækkan slysa til sjós. Vinnustaður sjómannsins er einn sá hættulegasti sem þekktist þar sem veður og sjólag hafa mikil áhrif. Því miður eru slys á sjómönnum alltof mörg og alvarleg til þess að við verði unnað.

Aukin vitund sjómanna sjálfra svo og bætt eftirlit útgerða og allra annarra hagsmunaaðila með öryggismálum til sjós er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé með skipulögðum hætti að fækka slysum um borð í skipum.

Í 3. tölublaði sjómannaábláðsins Víkingur sem út kom fyrir nokkru sagði frá málfundi um öryggismál sjófarenda sem haldinn var í Grindavík í febrúarbyrjun í ár. Á fundinum var m.a. sagt frá nýju öryggisstjórnunarkerfi sem útgerðarfélagið Þorbjörn Fiskanes hefur innleitt. Kerfið byggist á gátlistum sem notaðir eru við eftirlit með búnaði og öryggisþáttum skipsins. Í upphafi veiðiferða er farið yfir þessa lista og séð til þess að allir í áhöfninni komi reglulega að því. Yfirferðinni er þannig hagað að menn eru ekki alltaf að fara yfir sömu listana og þar með er tryggt að áhafnarmedlimir eru ekki alltaf að skoða sömu hlutina. Svona

ÖRUGG FYRIRTÆKI



Átak Markaðarins og Sjóvá

kerfi tryggir virka þátttöku áhafnarinnar í öryggismálum um borð í skipum.

Þetta framtak er mjög til eftirbreytni og ber að hvetja til að slíkt kerfi verði skoðað alvarlega

með það í huga að það geti komist í almenna notkun.

En þrátt fyrir öll öryggiskerfi og forvarnarstarf þá er það fyrst og síðast sjómennirnir og rétt hugarfar þeirra sem tryggir að varanlegur árangur í slysavörnum náist.

Haldór Teitsson, Fyrirtækjaviði Sjóvár

Draumahús 530 1820

MÓHELLA - 221 HFJ



3.000.000

Góð bílskúrsbil/geymsluhúsnæði í Móhelli í Hafnarfirði. Bílskúrnir/geymslubílin eru 26,3 fm. og sérhannaðir sem geymslu- eða hobbyhúsnæði. Bílskúrin er eitt rými. Hurðin er 240x260, lofthæðin er 285 og botnflötur er 360*730. Húsnæðið er fullbúið með tveimur niðurföllum. Lagt er fyrir heitu og köldu vatni. Raflagnir fullfrágengar og sér mælir. (Lagt er fyrir 3. fasa rafmagni í töflu). Fullfrágengin og malbikuð lóð og svæðið afgirt. Bóas s. 699 6165.

Dræmihús ehf. • Hlíðarvegur 14B og Sigurður J. Sigurðsson, Hagkerfi Isingisveitir
1405004 • 108 Reykjavík, Sími: 530 1820 • Fax: 530 1820
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

ÞITT TÆKIFÆRI -ALLRA HAGUR



Ráðstefna um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja (CSR)

Ráðstefna á vegum Háskólans í Reykjavík og KOM almannatengsla

Nordica hotel 15. nóvember 2006 kl. 13.00-17.00

- Hvernig standa íslensk fyrirtæki að samfélagslegri ábyrgð og hver er framtíðarsýn þeirra?
- Hvaða tækifæri felast í samfélagslegri ábyrgð?

Fyrirlesarar



Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis



Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar



Paul Scott, frkvstj. Next Step Consulting



Sigríður K. Hrafnkelsdóttir, nemi í MPH



Sören Mandrup Petersen, Þróunarhjálp Sameinuðu þjóðanna



Tómas Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls



Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins og fv. forsætisráðherra



Stjórnandi pallborðsumræðna Halla Tómasdóttir, frkvstj. Viðskiptaráðs Íslands

12.00	Innritun hefst
13.00	Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, býður þátttakendur velkomna
13.05	Setningarræða Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins og fyrrum forsætisráðherra
13.20	Hvernig skilgreinum við Samfélagslega ábyrgð fyrirtækja (CSR)? Sören Mandrup Petersen frá skrifstofu Þróunarhjálp Sameinuðu þjóðanna
13.40	Niðurstöður könnunar HR kynntar; Hvað er CSR í hugum íslenskra stjórnenda? Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, nemi í MPH og fyrrum gjaldkeri Einstakra barna
14.00	Samfélagsleg ábyrgð í framkvæmd hjá alþjóðlegum fyrirtækjum Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls
14.20	Kaffihlé
14.50	CSR Reporting Paul Scott, framkvæmdastjóri Next Step Consulting
15.10	Hlutverk fyrirtækja í samfélaginu Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar
15.30	Gerum gott betur - Samfélagsleg ábyrgð Glitnis Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis
16.00	Pallborðsumræður Stjórnandi: Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands
17.00	Ráðstefnuslit og móttaka í boði Háskólans í Reykjavík

Ráðstefnugjald kr. 2.800



Stóri Brandur næsta máltíð

Sá leiði fylgikvilli fylgir því þegar maður tekur vel til matar síns af góðum mat að þá verður maður saddur. Það er leiðinlegt. Kosturinn við fjárfestingar og hagnað af þeim er hins vegar sá að maður verður aldrei saddur. Svona svipað því að vera grænmetisæta.

Nú er OMX framundan og það ætti að opna ýmsa möguleika fyrir okkur spákaupmenn. Fyrst og fremst mun það væntanlega dýpka markaðinn þegar fleiri fjárfestar koma að borðinu. Kaupþing er auðvitað þegar byrjað að undirbúa þessa breytingu og mun væntanlega ná sér í fimmtíu til sextíu milljarða af nýju hlutafé á næstunni. Það gefur þeim möguleika eitt og sér til að auka eignir bankans um fimm til sex hundruð milljarða. Það verður væntanlega nýtt ef ég þekki Kaupþingsliðið rétt. Kosturinn við okkur hér er að við vitum að það eina sem kemur út úr því að geyma peninga undir koddanum er að maður fær hálsríg og sefur illa.

Nú er auðvitað spurningin hvert verður stefnt. Ég veðja á að fyrsta verkefnið á næsta ári verði Storebrand í Noregi. Ég byrjaði strax að kaupa í þeim þegar Kaupþing fór af stað. Þeir munu eflaust flagga yfir tíu prósent fljótlega. Svo mun Exista elta og markmiðið er sennilega að Exista taki yfir tryggingareksturinn og Kaupþing bankahlutann. Svo fara þeir í Sampo í Finnlandi sem er sama steik, bara miklu stærri.

Trikkið við þetta allt saman sem er náttúrlega alveg bjútifúl er að vera inni á topp fjörutíu á OMX, komnir með erlenda stofnanafjórfaða um borð. Hvaða máli skiptir það? kann einhver Ömminn að spyrja. Jú. Þegar svo verður komið eru hluta-



bréfin í Kaupþingi orðin fullgild skiptimynt. Þá borga menn fyrir hinn Sampo hinn stóra með peningum að einhverju leyti og svo láta þeir hlutabréf í sjálfum sér fyrir hluta. Þá spillir ekki fyrir þeim að eiga vini í hlutahafahópnum. Auk mín og nokkurra kollega minnar er þarna Róbert Tchenguís með stóran hlut sem Kaupþing fékk hann til að kaupa. Tchenguís þessi á svo marga pöbba í London að enginn sem þangað kemur kemst hjá því að styrkja hann þínulítið ef lifrarstarfsemin er á annað borð í lagi.

Maður hefur séð þetta allt áður hjá Kaupþingi og Bakkabræðrum. Ég græddi vel á að kaupa í J.P. Nordiska, Singer og Friedlander og Geest á sínum tíma. Ég mun líka græða á Stóra Brandi og Sampo hinum finnska. Ég reyndar græði eiginlega á öllu sem ég geri, en það er önnur og miklu skemmtilegri saga.

Spákaupmaðurinn á horninu.

Nánari upplýsingar á vefsíðu Háskólans í Reykjavík, www.ru.is, og á vefsíðu KOM almannatengsla, www.kom.is.

EGO fær viðurkenningu Orkusetsurs Fimmtungsfjölgun gistinotta

Orkusetur veitir EGO sjálfsafgreiðslustöðvunum viðurkenningu fyrir lofsvert frumkvæði að því að draga úr eldsneytisnotkun. „Framlag EGO felst í því að bjóða öikumönnum tölvustýrða mælingu og loftjöfnun á hjólbörðum bifreiða á öllum EGO stöðvunum. Hin nýja tegund tækjabúnaðar auðveldar öikumönnum til muna að fylgjast með loftþrýstingi, fínstilla hann og jafna,“ segir í tilkynningu sem Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkusetsurs, sendi vegna viðurkenningarinnar.

„Orkunotkun landsmanna fer sífellt vaxandi og því skiptir sú aðhaldsþjónusta sem hér um



TEKIÐ Á MÓTI VIÐURKENNINGU Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkusetsurs, afhendir Jóhanni P. Jónssyni, framkvæmdastjóra EGO, viðurkenningu Orkusetsurs.

ræðir miklu máli. Bætt nýting á eldsneytisnotkun bifreiða er jafnframt í takt við aðgerðaá-

ætlan Evrópusambandsins sem skila á 20 prósentu orkusparnaði á næstu 15 árum,“ segir Sigurður Ingi og kveður að lauslega áætlað megi gera ráð fyrir að með bættri jöfnun lofts í hjólbörðum mætti spara íslensku þjóðarþúi um 500 milljónir króna á ári og minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda um 12 þúsund tonn.

„Orkusetur óskar EGO til hamingju með gott framtak og minnir öikumenn á að réttur loftþrýstingur í hjólbörðum getur dregið úr eldsneytisnotkun bifreiðar um allt að 10 prósent, auk þess að draga úr mengun og auka öryggi í umferð. Það munar um minna,“ segir Sigurður Ingi. - óká

Umsvif í ferðaþjónustu hafa aukist umtalsvert á milli ára samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu. Gistinætur á hótélum í september í ár voru 114.600 en voru 93.000 í sama mánuði í fyrra, sem er 22 prósentu fjölgun. Samfara fjölgun gistinotta hefur gistirými aukist. Fjöldi herbergja fór úr 3.740 í 3.973, sem er sex prósentu aukning, en fjöldi hótela er sá sami, eða 75.

Litið til síðustu níu mánaða fjölgaði gistinottum um ellefu prósent milli ára. Fjölgun varð á öllum svæðum en hlutfallslega var hún mest á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands



HÓTEL KEA AKUREYRI

og Vestfjarða þar sem gistinottum fjölgaði um 23 prósent.

Á heimasíðu Ferðamálastofu er haft eftir Magnúsi Oddssyni ferðamálastjóra að tölurnar staðfesti að hægt og bitandi hafi tekist að lengja háðinnina þannig að september er í umfangi orðinn hliðstæður því sem júní var fyrir fáum árum. - hhs

Hyundai hefur gæðin




Hyundai er í 3. sæti í nýjstu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus.

Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.

Top 5 Nameplates in 2006 Initial Quality Study Problems per 100 Vehicles

Lower score indicates higher initial quality



Source: J.D. Power and Associates 2006 Initial Quality Study™ (IQS)

Með mesta rýmið í sínum flokki



Frá kr. 1.390.000

Getz

- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsujöfnun
- 4 loftþúðar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilari, 4 hátalarar



Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur

Frá kr. 2.290.000

SONATA

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftþúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is



Með bilinn handa þér

Kauphöll yfir væntingum

Þýska kauphöllin í Frankfurt skilaði 175,1 milljón evra í hagnað á þriðja ársfjórðungi. Þetta svarar til 15,1 milljarðs íslenskra króna sem er 58 prósentum meira en á sama tíma fyrir ári.

Afkoman er talsvert yfir væntingum greiningaraðila sem spáðu 167,3 milljón evra hagnaði eða 14,5 milljörðum íslenskra króna.

Þá námu tekjur kauphallarinnar 432 milljón evra, 37,5 milljörðum íslenskra króna, sem er þriggja prósentu hækkun á milli ára. Greiningaraðilar segja hagnaðinn styrkja stöðu Deutsche Börse, sem hefur hug á að gera yfirtökutilboð í samevrópska hlutabréfamarkaðinn Euronext. - jab



RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR, FORSTJÓRI PROMENS Promens hefur hækkað að tilboð sitt í plastframleiðslufyrirtækið Polimoon.

Promens hækkar boðið

Promens, dótturfélag Atorku, hækkaði í gær tilboð sitt í plastframleiðslufyrirtækið Polimoon, í kjölfar þess að Plast Holding A/S tilkynnti um hækkun síns tilboð til jöfnunar tilboði Promens.

Tilboð Promens hljóðar nú upp á 35 norskar krónur á hlut í stað 32,50 norskra króna. Felur það í sér að greitt verði með reiðufé fyrir alla hluti í Polimoon. Það er háð þeim skilyrðum að samþykki 90 prósentu hluthafa fáist, niðurstöður úr áreiðanleikakönnun verði ásættanlegar, samþykki eftirlitsaðila fáist og að ásættanleg fjármögnun fáist með sambankaláni og hlutafé.

Í tilkynningu frá Atorku segir að Promens vinni nú að gerð tilboðsgagna með ítarlegri upplýsingum sem verða gerð opinber í kringum 10. nóvember. Unnið sé að því að aflétta skilyrðum um fjármögnun en Promens hefur þegar fengið fullnægjandi loforð um eiginfjárframlag í kaupunum. - hhs



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis HUGBÚNAÐUR

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is



SAMNINGURINN HANDSALAÐUR Sigurður Bergsveinsson framkvæmdastjóri og Gísli Gíslason hafnarstjóri handsala samninginn. Aðrir á myndinni eru, frá vinstri: Theodór Ottósson og Linda Kristmannsdóttir frá TM Software og Gunnbjörn Marinósson og Ragnar Eggertsson frá Faxaflóahöfnum. MYND/MOTIV. JÓN S

Faxaflóahafnir taka upp Vigor-kerfi

Faxaflóahafnir og TM Software hafa undirritað samning um umfangsmikla innleiðingu á Vigor-viðskiptahugbúnaði hjá Faxaflóahöfnum.

Með nýja búnaðinum á að bæta verkefnastýringu og upplýsingavinnslu Faxaflóahafna, auk þess sem fjarvinnslumöguleikar kerfisins eiga að einfalda starfsmönnum að vinna með viðskiptagögn óháð því hvar þeir eru staddir.

Í samningi fyrirtækjanna felst meðal annars að innleidd verða fjárhagskerfi, samþykktar- og skönnunarkerfi, vörumerki, innheimtukerfi, greiðslukerfi, verkþókhald, verðbréfa- og skuldabréfakerfi og aðrar einingar Vigor-hugbúnaðarins. Faxaflóahafnir tóku fyrir tæpu ári í notkun launakerfi Vigor og færast því núna rekstrarstjórnunin að mestu yfir í eina heildstæða viðskiptalausn.

Gunnbjörn Marinósson, deildarstjóri tölvu- og upplýsingamála Faxaflóahafna, telur

Vigor-kerfið meðal annars hafa verið valið vegna góðrar reynslu af þjónustu TM Software. „Þá er Vigor-kerfið nútímalegur hugbúnaður sem alfarið er þróaður á Íslandi og ber innlendum hugbúnaðariðnaði gott vitni,“ segir hann.

Í tilkynningu TM Software kemur fram að þróun á Vigor-viðskiptahugbúnaðinum hafi verið afar hröð síðustu ár. „Meðal þess sem unnið hefur verið að undanfarið er nýtt greiningakerfi (OLAP) sem birtir rekstrartölur þvert á bókhaldslykla og er raðað upp eftir þörfum notanda. Nýtt og öflugt áætlanakerfi auðveldar fjármála- og deildarstjórum að bera saman áætlun og rekstrarstöðu auk þess sem mikil vinna hefur verið lögð í að þróa rafrænar tengingar við fjármála-fyrirtæki. Verkbókhaldið er hannað þannig að það geti sinnt ólíkum þörfum fyrirtækja varðandi utanumhald verka og framkvæmda,“ segir þar. - ók

IMF segir hagvöxt góðan í S-Ameríku

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) segir verðhækkun á hráolíu, aukin neysla á heimamarkaði og góð peningamálastjórn hafa komið löndum í Suður-Ameríku til góða og hafa uppfært hagvaxtarþá landanna.

IMF spáir því nú að verðbólga í löndum Suður-Ameríku lækki um 25 punkta og verði 5 prósent á árinu í heild og að hagvöxtur verði að meðaltali 4,75 prósent, sem er 0,5 prósentustigum meira en í fyrra.

IMF segir aðgerðir seðlabankanna hafa sýnt fram á styrka peningamálastefnu enda hafi bankarnir með farsælum hætti náð að hafa taumhald á hækkunum verðlags og halda verðbólgu í skefjum.



Seðlabankar í Brasilíu og Mexíkó eru fremstir í flokki, að mati IMF, sem bendir á að tekjur í löndunum hafi aukist, atvinnuleysi minnkað og fátækum fækkað. Atvinnuleysi í Suður-Ameríku er eftir sem áður í hærri kantinum, eða um 10 prósent.

Þá bendir sjóðurinn jafnframt á að stækkun Panamaskurðarins, sem fyrirhugað er að ljúki árið 2014 og kostar 5,25 milljarða bandaríkjadali, eða rúma 356 milljarða íslenskra króna, muni krefjast mikils vinnuafns og hafa mikil áhrif á efnahag landanna í Suður-Ameríku. - jab

PANAMASKURÐURINN Alþjóða-gjaldeyrissjóðurinn segir stækkun Panamaskurðarins hafa mikil áhrif á efnahagslíf landa í Suður-Ameríku. MARKAÐURINN/AFP

Stjörnum prýdd ráðstefna

Í síðustu viku stóð ráðgjafar-fyrirtækið Nordic eMarketing fyrir mikilli ráðstefnu og sýningu þar sem fjallað var um markaðssetningu og samskipti á netinu. Var þar meðal annars tekið fyrir með hvaða ráðum fyrirtæki geta gert sig sýnilegri á internetinu en þau þurfa að leita annarra leiða en venjuleg fyrirtæki í því miði að ná til síns markhóps.

Sveinn S. Kjartansson, framkvæmdastjóri ráðstefnunnar, segir fólk frekar leita eftir lausnum, gæðum og verði heldur en merkjum þegar það verlar á internetinu. „Það er algengt að fólk fari frekar á síður þar sem hægt er að bera saman þessa hluti í stað þess að fara beint inn á síðu ákveðins fyrirtækis. Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir fyrirtæki að vera vel sýnileg, jafnvel þótt um sé að ræða stór og þekkt merki.“

Sveinn segir að uppselt hafi verið á ráðstefnuna, enda hafi fjölmargir góðir fyrirlesarar komið þar fram. Meðal þeirra voru nokkrir sem telja megi til stórstjarna í markaðssetningu á netinu. Meðal stjarnanna voru Brian frá Google, framkvæmdastjóri vefgreiningardeildar Evrópu, Austurlanda fjær og Afríku, Ben Carlson, framkvæmdastjóri Ad Center hjá Microsoft og John Ricardi, vörustjóri Yahoo! Search.

- hhs



BERA SAMAN BÆKUR SÍNAR Þórlaug, Hildur, Fjóla og Rúna Rut virtust ánægðar með ráðstefnu Nordic eMarketing.



GLAÐIR Í BRAGDI Lee Roy hjá Glitni, Ragnar hjá D2 og Kári hjá 66° Norður.



SPJALLAÐ SAMAN Í HLÉI Þorleifur E. Pétursson, Charlie Hoult, Dr. Asif M Sardar ásamt Sveini S. Kjartanssoni, framkvæmdastjóra ráðstefnunnar.

Acer komið upp fyrir Dell í borðtölvum

Á þriðja ársfjórðungi þessa árs komust Acer borðtölvur í fyrsta sinn upp fyrir tölvur Dell í sölutölum í Evrópu, Afríku og Miðausturlöndum samkvæmt markaðsgreiningarfyrirtækinu Gartner.

Hingað til hefur Acer ekki náð að skáka eldri risum tölvugeirans nema í fartölvusölu þar sem fyrirtækið heldur enn forskoti sínu.

Í tölum Gartner kemur einnig fram að borðtölvusala hafi aukist um 6,7 prósent á þriðja ársfjórðungi miðað við sama tíma í fyrra.

Gögn um vöxt upplýsingatæknigeirans í heild benda til meðalvaxtar upp á 12,3 prósent á ársgrundvelli. Acer þykir hins vegar hafa slegið met í vexti því þar mælist aukningin þrefalt meiri, eða 37,1 prósent.

Daníel Rúnarsson, markaðsstjóri Svar tækni, umboðsaðila Acer hér á landi, segir Evrópumarkaðinn hafa gengið mjög vel hjá fyrirtækinu. „HP hefur alltaf verið númer eitt, Dell númer tvö og svo Acer í þriðja sæti, þannig að okkur þykir þetta nú töluverð tímamót,“ segir hann, en er þó ekki viss um að mæling Gartner endurspegli stöðuna sem hér er á markaði, en engar tölur eru hér til um markaðshlutdeild einstakra vörumerkja. „Þetta hins vegar staðfestir tilfinningu okkar um gengi Acer hér heima. Fartölvusala hefur gengið mjög vel og borðtölvusala aukist jafnt og þétt.“ - ók

FARTÖLVUR ACER Tölvur Acer eru sagðar hafa „valdið usla“ á tölvumarkaði í Evrópu, en þar hefur merkið verið að sækja mjög í sig veðrið, samkvæmt mælingu Gartner.



LJÓSA BUNAÐUR



Bíla-naust

535 9000

Akureyri • Egilsstöðum • Hafnarfirði • Höfn • Keflavík • Kópavogi • Reykjavík • Selfossi

Aukið þrek og þægindi!

R3-5 Lifecycle Exercise Bike

- Einfalt í notkun
- Jafnt ástig
- Lítið álag á liðamót
- Hljóðlát

■ **kr. 239.000**

Greiðslumátinn líka þægilegur:

Hægt að fá vaxtalaus visa-lán til 12 mánaða við kaup á Life Fitness þrekhjóli



R1-5 kr. 149.000



C3-5 kr. 199.000



C1-5 kr. 129.000

Life Fitness þrekhjólin eru afar vönduð tæki og henta þeim sem vilja með einföldum hætti ná upp þreki og halda sér í formi án þess að leggja of mikið á liðamótin.

Life Fitness

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Opið kl. 10-18 - Laugardaga 11-15 - www.hreysti.is

Life Fitness – þrekhjól, hlaupabrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar.



FRÁ STOFNFUNDI FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis og formaður nýrra samtaka fjármálafyrirtækja, gerði grein fyrir markmiði samtakanna á stofnfundi í gær. Þau taka til starfa 1. janúar á næsta ári. Markaðurinn/Vilhelm

Kynna íslenskt fjármálalíf erlendis

Íslenskur fjármálamarkaður hefur vaxið hraðar en aðrar atvinnugreinar. Eitt af hlutverkum nýrra samtaka fjármálafyrirtækja verður að kynna íslenskt efnahagslíf á erlendum vettvangi.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Samtök banka- og verðbréfa-fyrirtækja (SBV), Samband íslenskra tryggingafélaga (SÍT) og Samband íslenskra sparisjóða (SÍSP) hafa ákveðið að sameinast undir einum hatti í Samtökum fjármálafyrirtækja frá og með næstu áramótum. Formenn samtakanna undirrituðu samkomulag þess efnis á stofnfundi í gær.

Tilgangur samtakanna er meðal annars að vera málsvári fjármálafyrirtækja í hagsmunamálum þeirra, stuðla að samkeppnishæfum starfsskilyrðum íslenskra fjármálafyrirtækja, taka þátt í erlendu hagsmunasamstarfi og auka skilning á mikilvægi fjármálafyrirtækja fyrir íslenskan efnahag.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, sem kjörinn var formaður samtakanna, sagði samtökin hafa meiri slagkraft en núverandi samtök til að koma að mótun laga og reglna fyrir fjármálamarkað í samstarfi við stjórnvöld og alþjóðlegar stofnanir.

Munu aðilar samtakanna meðal annars eiga sæti í nefndum og ráðum tengdum fjármálamarkaðinum, Fjármálaeftirliti og Samkeppnisstofnun svo eitthvað sé nefnt. Þá lagði hann enn fremur áherslu á að starfsumhverfi fjármálafyrirtækja hér á landi verði áfram samkeppnishæft.

BYLTING Í FJÁRMÁLASTARFSEMI

Bjarni sagði breytingar á innlendum fjármálamarkaði hér á landi byltingu líkasta. „Íslenskur fjármálamarkaður hefur vaxið hraðar en nokkur önnur atvinnugrein á undanförunum árum. Dæmi um það er að heildareignir fyrirtækja í greininni hafa sexfaldast á síðastliðnum fimm árum og framlag til landsframleiðslu er orðið meira en framlag sjávarútvegs,“ sagði hann og benti á að engin atvinnugrein greiði jafn mikla skatta til þjóðarbúsins og fjármálafyrirtækin.

„Fjármálageirinn er orðinn drifkraftur framþróunar á Íslandi og hefur stuðlað verulega að því að Ísland er í hópi auðugustu þjóða heims,“ sagði Bjarni

og bætti við að nokkrir þættir í sögu Íslands á seinni árum hefðu leyst fjármálageirann úr viðjum fortíðar og ríkisforsjár í nokkrum áföngum. Þar skipar inngangan í Evrópska efnahagssvæðið (EES) og hlutafjár- og einkavæðing stóran sess. „Þessi skref lögðu grunninn að þeirri stöðu sem við erum í nú,“ sagði hann og benti á að starfsemi Íbúðalánasjóðs, sem er í ríkiseigu, væri merki um að ekki væri búið að stíga skrefin til fulls.

Þá gerði Bjarni grein fyrir hlutverki Samtaka fjármálafyrirtækja og sagði þau meðal annars beita sér fyrir því að heilbriggt umhverfi ríki í málefnum aðildarfélaga hvað jafna aðstöðu til samkeppni snerti og lagði áherslu á að ríkið þyrfti að hætta þátttöku á fjármálamarkaði. Bjarni benti enn fremur á að íslensk fjármálafyrirtæki hefðu bæði hratt og stöðugt verið að færa sig út á breiðari sviði samkeppnisvallarins, ekki síst utan landsteina, og því væri veruleg þörf fyrir samtök á borð við þau sem tækju til starfa um áramótin.

„Hagsmunabaráttan verður mikilvægari með hverju árinu sem líður með systurfélögum okkar í Evrópu því íslensk laga-setning byggist að einhverju leyti á tilmælum frá Brussel,“ sagði Bjarni en Samtök fjármálafyrirtækja munu meðal annars verða virkur þátttakandi í alþjóðlegum og evrópskum banka- og tryggingasamtökum.

ÍSLAND Á ALÞJÓÐA FJÁRMÁLAKORTINU
Þá sagði Bjarni greinilegt að íslensk fjármálastarfsemi væri komin á kortið í öðrum löndum, ekki síst á þessu ári, enda væri

áhugi erlendra aðila á íslenskum fjármálamarkaði kominn til að vera. „Ólgusjórinn sem reid yfir okkur fyrr á þessu ári endurspegladi mikilvægi þess að fyrir liggja greinargóðar upplýsingar um fjármálamarkaðinn og ekki síður mikilvægi þess að þeim upplýsingum verði komið á framfæri til réttra aðila,“ sagði Bjarni og lagði áherslu á að Samtök fjármálafyrirtækja muni gera það í meiri mæli en nú.

Þá sagði hann íslenska fjármálaþjónustu hérlandis til einstaklinga og fyrirtækja koma vel út úr alþjóðlegum samanburði og vera á heimsmælikvarða. Samtökin væru stolt af því og munu efla það enn frekar.

Líður í því er að safna tölulegum upplýsingum um íslenskan fjármálamarkað og koma þeim á framfæri þannig að þær væru aðgengilegar fjármálafyrirtækjum og öðrum, svo sem almenningsi og fjölmiðlum hér heima og erlendis auk þess sem horft sé til þess að styrkja ásýnd og bæta mynd fjármálafyrirtækja víðar en nú. „Þetta mun að okkar mati auka skilning almennings á eðli fjármálastarfsemi og mikilvægi hennar fyrir þjóðarþíð,“ sagði Bjarni. „Mér sýnist við eiga nokkuð í land að ná til allra. Allavega fannst mér þær vera nokkuð kaldar kveðjurnar til þeirra tæpu 7.000 starfsmanna sem vinna á vegum fjármálafyrirtækja þegar þeir voru kallaðir drengir og stúlkur í silkiötum, sem fólki mætti vera nokk sama hvort ynni hér á landi eða annars staðar. Hæfileikar þeirra og menntun gætu þar með nýst öðrum og í öðru landi,“ sagði Bjarni Ármannsson.

„Íslenskur fjármálamarkaður hefur vaxið hraðar en nokkur önnur atvinnugrein á undanförunum árum. Dæmi um það er að heildareignir fyrirtækja í greininni hafa sexfaldast á síðastliðnum fimm árum og framlag til landsframleiðslu er orðið meira en framlag sjávarútvegs ... Fjármálageirinn er orðinn drifkraftur framþróunar á Íslandi og hefur stuðlað verulega að því að Ísland er í hópi auðugustu þjóða heims.“

Tölvukælar
Fyrir tækni- og tölvurými

ís-húsið 566 6000

Humarhúsið
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

HUMARHÚSIÐ RESTAURANT



VIÐURKENNING TIL EGO FYRIR FRAMLAG TIL ORKUSPARNAÐAR

Orkusetur hefur ákveðið að veita EGO sjálfsafgreiðslustöðvunum viðurkenningu fyrir lofsvert frumkvæði að því að draga úr eldsneytisnotkun. Framlag EGO felst í því að bjóða öikumönnum tölvustýrða mælingu og loftjöfnun á hjólbörðum bifreiða á öllum EGO stöðvunum. Hin nýja tegund tækjabúnaðar auðveldar öikumönnum til muna að fylgjast með loftþrýstingi, fínstilla hann og jafna.

Orkunotkun landsmanna fer sífellt vaxandi og því skiptir sú aðhaldsþjónusta sem hér um ræðir miklu máli. Bætt nýting á eldsneytisnotkun bifreiða er jafnframt í takt við aðgerðaáætlun Evrópusambandsins sem skila á 20% orkusparnaði á næstu 15 árum. Það er áhersla m.a. lögð á aðgerðir sem stuðla að skilvirkari orkunotkun bifreiða og mun stífari kröfur verða gerðar um lágmörkun orkunotkunar. Áætla má að með bættri jöfnun lofts í hjólbörðum mætti spara íslensku þjóðarbúi um 500 milljónir króna á ári og minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda um 12 þúsund tonn.

Orkusetur óskar EGO til hamingju með gott framtak og minnir öikumenn á að réttur loftþrýstingur í hjólbörðum getur dregið úr eldsneytisnotkun bifreiðar um allt að 10%, auk þess að draga úr mengun og auka öryggi í umferð. Það munar um minna.

Sigurður Ingi Friðleifsson,
framkvæmdarstjóri Orkuseturs.



Hlutverk Orkuseturs er að stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um skilvirka orkunotkun og möguleika til orkusparnaðar. Orkusetrið er stofnað af Orkustofnun í samstarfi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.



BANKHÓLFID



Erfitt að spá um fortíðina

Á fundi Viðskiptaráðs um stjórn peningamála var mikill samhljómur meðal hagfræðinga á staðnum. Meiri en oft áður, en eitt einkenna þessarar ágætu fræðigreinar er að þar geta menn tekist á um ótal atriði á sinn kurteisa akademíska hátt. Lítið bar á því á fundinum, nema ef vera skyldi að viðkvæmt er að hreyfa við hugmyndum um að setja Seðlabankanum rýmra verðbólguþröngun.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningar Landsbankans, rifjaði upp gamla Storm P. brandara um að það væri erfitt að spá, sérstaklega um framtíðina. Hún bætti því við að í ljósi þess hversu illa Hagstofunni hefur gengið að koma með áreiðanlegar hagvaxtartölur úr fortíðinni, þá gildi að það væri erfitt að spá um fortíðina líka. Hagfræðingarnir voru á einum máli um að mikilvægt væri að Hagstofan fengi tæki, tól og fjármagn til að ná betri árangri í fortíðarspánum.

Ölvaður engill

Extrablaðið danska hefur farið mikinn í sérkennilegri greiningu á íslensku viðskiptalífi. Umfjöllun blaðsins er reyndar með eindæmum þunn og ómerkileg, en getur skaðað þá sem fyrir henni verða. Ritstjóri Extrablaðsins heitir Hans Engell og er fyrrverandi formaður danskra íhaldsmanna. Pólitískur ferill hans fékk snöggan endi eftir að hann keyrði á fullur og missti ökuréttindi og féll af háum stalli. Danir geta verið fyndnir og skemmtilega meinfýsnir, en brandarinn sem gekk í kjölfar ölvunarakstursins hljómaði svona. „Vár Herre körer ikke berused. Det gör hans engel.“

Gott fyrir Eyjamenn

Síminn hefur tekið í notkun nýja gagnvirka þjónustu í sjónvarpi um ADSL. Nú gefst viðskiptavinum með sjónvarp um ADSL kostur á að taka þátt í kosningum og skoðanakönnunum í gegnum fjarstýringu. Þjónustan var tekin í notkun fyrir skömmu í þættinum 6 til sjö á SkjáEinum. Þáttastjórnendur geta því framvegis gefið áhorfendum sínum kost á að kjósa um menn og mál efni með auðveldum hætti.

Sem dæmi um notkun væri mögulegt að kjósa um frammistöðu frambjóðenda eftir kappæður í sjónvarpi. Þarna er kannski komin lausn fyrir Vestmannaeyinga í prófkjöri þegar vont er í sjóinn.

27,6 milljarða króna hagnaður Exista á þriðja ársfjórðungi.

29% eignarhlutur FL Group í Glitni eftir að hafa aukið við sig í vikunni.

3.264 milljóna króna hagnaður Símans á þriðja ársfjórðungi.

www.bryndisharalds.is

Bryndís Haralds í 4.-5. sæti

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

Tilbúin

- með þér inn í framtíðina

Við styðjum Bryndísi Haralds.



Ólafur G. Einarsson
fyrrv. ráðherra



Sigríður Anna Þórðardóttir
þingmaður



Salome Þorkeldsdóttir
fyrrv. forseti Alþingis



Almar Grímsson
Bæjarfulltrúi og lyfjafræðingur



Gullveig Sæmundsdóttir
fyrrv. ritstjóri



Haraldur Sverrisson
bæjarfulltrúi



Bjarki Sigurðsson
handboltamaður



Helga Guðrún Jónsdóttir
kynningarstjóri



Kristinn Andersen
verkfræðingur



Stefán Hilmarsson
tónlistarmaður



Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarfulltrúi



Sólveig Pálsdóttir
framhaldsskólakennari og varabæjarfulltrúi



Ragnhildur Inga Guðbjartsdóttir
bæjarfulltrúi



Ásthildur Helgadóttir
fótboltakona og bæjarfulltrúi



Sigríður Rósa Magnúsdóttir
bæjarfulltrúi



María Kristín Gylfadóttir
formaður Heimilis og skóla og varabæjarfulltrúi



Guðrún Brynja Vilhjálmssdóttir
framkvæmdastjóri



Borgar Þór Einarsson
formaður SUS



Hafsteinn Þór Hauksson
fyrrv. formaður SUS



Ragnheiður Guðmundsdóttir
varabæjarfulltrúi

Kosningaskrifstofa Bryndísar er að Bæjarlind 14 í Kópavogi. Upplýsingasími 554 1508

E-TRADE

„Auðveldara en ég hélt“

Með þátttöku á E-TRADE í gegnum Landsbankann býðst einstaklingum möguleiki á að nýta sér beint og milliliðalaust áhugaverð fjárfestingartækifæri.

Kynntu þér málið á landsbanki.is eða hringdu í síma 410 4000.

120
1886
2006

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár